



Réttindi barna á Íslandi:
Börn sem líða efnislegan skort

2016



**UNICEF Á ÍSLANDI FÆRIR ÆIM SÉRSTAKAR
ÞAKKIR SEM AÐSTOÐUÐU VIÐ GAGNA-
GREININGU OG UPPSETNINGU Á MÆLABORÐI:**

Agnar Jón Ágústsson, Datamarket
Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Hagstofu Íslands
Kolbeinn Stefánsson, Hagstofu Íslands
Lárus Blöndal, Hagstofu Íslands

ÚTGEFIÐ AF UNICEF Á ÍSLANDI

Höfundur

Lovísa Arnardóttir

Ritstjóri

Sigríður Viðis Jónsdóttir

Ritstjórn

Guðrún Ögmundsdóttir

Karl Blöndal

Bergsteinn Jónsson

Hjördís Eva Þórðardóttir

Prófarkalestur

Salka Guðmundsdóttir

Umbrot og hönnun

Gisli Arnarson

Jón Cleon

Sighvatur Halldórsson

Teikning á kaflamyndum

Viktoría Buzukina

Prentun

Pixel

Útgáfan er styrkt af Velferðarráðuneytinu

ISBN 978-9979-72-933-4

EFNISYFIRLIT

KAFLI	HEITI KAFLA	BLS.
	INNGANGUR	4
1.	BARNAFÁTÆKT OG BÖRN SEM LÍÐA EFNISLEGAN SKORT	7
	1. Ný aðferð UNICEF til að mæla efnislegan skort	8
	2. Evrópska lífskjararannsóknin	12
2.	HVERT ER UMFANG SKORTS MEÐAL BARNA Á ÍSLANDI?	15
	1. Skortur meðal barna eftir sviðum	16
	2. Dýpt skorts	18
3.	HVAÐ HEFUR ÁHRIF Á SKORT MEÐAL BARNA Á ÍSLANDI?	23
	1. Bakgrunnsbreytur	24
	2. Kyn barns	27
	3. Menntun foreldra	28
	4. Uppruni foreldra	29
	5. Heimilisgerð	31
	6. Staða á húsnæðismarkaði	32
	7. Búseta	34
	8. Tekjur foreldra	35
	9. Atvinnuþátttaka foreldra	36
	10. Aldur foreldra	38
4.	HVAÐ SKORTIR BÖRN Á ÍSLANDI?	41
	1. Næring	42
	2. Klæðnaður	44
	3. Menntun	46
	4. Upplýsingar	48
	5. Húsnæði	50
	6. Afbreyting	52
	7. Félagslíf	54
5.	HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG HUGLEIÐINGAR	59
	VIÐAUKI I: SKÝRINGAR OG HUGTÖK FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS	63
	VIÐAUKI II: SPURNINGAR ÚR LÍFSKJARARANNSÓKNUNUM 2009 OG 2014 SEM GREININGIN BYGGIR Á	64
	HEIMILDIR	66
	HEIMILDASKRÁ	66
	TÖFLU- OG MYNDAYFIRLIT	68

INNGANGUR

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hér á landi árið 2013. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og tryggir öllum börnum sérstaka vernd og umönnun.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna veitir stjórnvöldum um allan heim markvisst aðhald varðandi þær skyldur sem Barnasáttmálinn leggur þeim á hendur. Hún veitir aðildarríkjum meðal annars tilmæli um hvað þau þurfi að gera til að fullnægja skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum. Nefndin hefur ítrekað bent íslenskum yfirvöldum á skort á víðtækri og reglulegri gagnaöflun um stöðu barna hér á landi. Slíkum ábendingum verður að taka alvarlega, enda er markviss greining á gögnum sem varpa ljósi á lífsgæði barna á Íslandi forsenda þess að hægt sé að stuðla að jafnræði meðal barna. Því er hún ófrávikjanlegur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans og öflugri réttindagæslu barna hér á landi.

Í þessari skýrslu kynnis UNICEF á Íslandi nýja aðferð til að mæta umræddri þörf, svokallaða „skortgreiningu UNICEF“ (e. MODA / Multiple Overlapping Deprivation Analysis). Aðferðin var þróuð af rannsóknarstofnun UNICEF og gengur út á að greina efnislegan skort meðal barna. Með henni eru mótaðar nýjar leiðir til að greina skort meðal barna í efnameiri ríkjum.

Í stað þess að rýna í efnislegan skort meðal barna á einu sviði í einu, líkt og hingað til hefur oftast verið gert, gengur aðferðin út á að greina marghliða skort hjá börnum. Hún gerir okkur kleift að rannsaka skort út frá mörgum sviðum og ólíkum bakgrunnsbreytum. Með henni má greina fjölda barna sem líða skort, dýpt skortsins, hvar hann kemur fram (t.d. í næringarviðmiðum, húsnæði og klæðnaði) og hvaða breytur hafa sérstaklega áhrif (t.d. menntun foreldra, tekjur og uppruni). Hægt er að sjá hvaða breytur hafa áhrif á mismunandi sviðum, til dæmis hvort búseta hafi sérstaklega áhrif á skert aðgengi barna

að félagslífi eða hvort aldur foreldra skipti máli hvað varðar skort á sviði húsnæðis.

Skortgreining UNICEF sker sig frá fyrri rannsóknaraðferðum á barnafátækt og efnislegum skorti með því að einblína á börnin sjálf en ekki heimili þeirra í heild sinni. Þarfir barna eru oft aðrar en foreldra þeirra og heimilisins og því getur það gefið skakka niðurstöðu að einblína á heimilið sem heild. Aðferðin er barnamiðuð og byggir á áherslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á jafnræði (e. equity) – að öll börn eigi að njóta sömu réttinda og öll börn skipti máli.

JÖFN TÆKIFÆRI OG JAFNIR MÖGULEIKAR

Í stöðuskýrslu sinni, *State of the World's Children*, mælir UNICEF á hverju ári þann árangur sem náðst hefur í að bæta stöðu barna í heiminum. Meðfram nýsamþykktum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem taka við af þúsaldarmarkmiðunum undirstrikar UNICEF mikilvægi þess að líta árangur öðrum augum en áður. Samhliða því að fagna þeim árangri sem náðst hefur á fjölmörgum sviðum er lögð áhersla á þau sem eftir sitja. Ójafnræði og mismunun hafa oft og tíðum verið falin og einungis ákveðnir hópar í hverju samfélagi því upplifað árangurinn í raun – og ekki endilega þau börn sem verst hafa það.¹

Grunnstef í allri baráttu UNICEF er einmitt fyrrgreind áhersla á jafnræði. Með henni er athyglinni beint að þeim börnum sem verst eru stödd, ásamt því að leita leiða til að veita öllum börnum sömu tækifæri til að njóta heilbrigðis, menntunar og annarra réttinda sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir þeim. Jafnræði felur í sér viðurkenningu á því að þeir sem verst eru staddir þurfi mögulega meiri aðstoð en þeir sem hafa það betra. Við viljum jafna stöðu, jöfn tækifæri og jafna möguleika á góðri framtíð fyrir öll börn – þar með talið á Íslandi.

MIKILVÆGI REGLULEGRAR GAGNAÖFLUNAR

Til að öll börn fái notið réttinda sinna er nauðsynlegt að hafa vitneskju um hverjar ólíkar þarfir þeirra eru. Það

verður einungis gert með áreiðanlegri og reglulegri gagnaöflun og ítarlegri gagnagreiningu. Í þessu skyni og til að bregðast við áður nefndum tilmælum Barnaréttarnefndarinnar gekk UNICEF á Íslandi til samstarfs við Hagstofu Íslands sem framkvæmdi skortgreiningu UNICEF og notaði til þess gögn sem þegar hafði verið safnað hér á landi.

Gögnin komu úr evrópsku líf skjara-rannsókninni árin 2009 og 2014 en þá fylgdi henni sérstakur viðauki um efnislegan skort meðal barna. Það sem birtist hér í skýrslunni eru niðurstöðurnar eftir að svörin voru greind með skortgreiningu UNICEF. Greiningin markar ákveðin tímamót en hún hefur hvergi áður verið framkvæmd í efnameiri ríkjum heims með þeim hætti sem gert er hér, þar sem gögn frá tveimur árum eru borin saman.

Mikilvægt er að hafa í huga að allar upplýsingarnar sem greiningin byggir á voru þegar til staðar er vinnan við hana hófst. Þær höfðu einfaldlega ekki verið greindar með þessum hætti áður. Það er von UNICEF á Íslandi að aðferðin sem hér er kynnt sé komin til að vera. Upplýsingum fyrir hana verði safnað árlega, gagnaöflun bætt í samræmi við þær spurningar sem vakna og spurningalistinn látinn ná til barna frá fæðingu til 18 ára aldurs.

FRAMLAG TIL BARNNA Á ÍSLANDI

Skýrslan og greiningin er framlag UNICEF á Íslandi til barna hér á landi. Mikilvægt er að koma því á framfæri við þar til bæra aðila að á Íslandi þrífst ójafnræði og það hefur veruleg áhrif á lífsgæði fjölmargra barna á degi hverjum. Til að bregðast við þeirri stöðu er nauðsynlegt að byrja á því að kortleggja vandann. Skýrslan sýnir efnislegan skort meðal barna í nýju ljósi, þá ekki síst hvernig ólíkar bakgrunnsbreytur hafa ólík áhrif á lífsgæði barna. Við fæðumst því miður ekki öll með sömu tækifærin – en það er á okkar valdi að breyta því.

Ekki er þó nóg að safna gögnum og greina þau, upplýsingarnar þurfa einnig að vera öllum aðgengilegar. Brýnt er að þeir sem

koma að málefnum barna geti nálgast þær og hagnýtt sér.ⁱⁱ UNICEF á Íslandi gekk af þessum sökum til samstarfs við DataMarket um að setja upp mælaborð á netinu þar sem helstu niðurstöður greiningar Hagstofunnar kæmu fram. Mælaborðið verður til að byrja með vistað hjá UNICEF á Íslandi, á vefsíðunni www.unicef.is. Það er öllum opið. Úr mælaborðinu er með einföldum hætti hægt að komast inn í grunn gögn rannsóknarinnar sem öll eru aðgengileg á vefsíðu DataMarket. Hægt er að skoða gögnin með ýmsum hætti á netinu, eftir ólíkum sviðum og bakgrunnsbreytum, velja hvernig þau birtast og hvað er borið saman. Gögnin ættu að nýtast fræðafólki, stjórnvöldum, félagasamtökum og öllum þeim sem hafa áhuga á að rannsaka og kynna sér efnislegan skort meðal barna á Íslandi.

Það er von UNICEF á Íslandi að með skortgreiningunni verði auðveldara að koma til móts við þau börn sem líða skort hér á landi. Við getum gert betur og við eigum að gera það. Það er einlæg ósk okkar að stjórnvöld sjái til þess að aðgengi og tækifæri barna séu jöfn og að réttindi *allra barna* séu tryggð.

SKÝRSLA OG MÆLABORÐ

- Að beiðni UNICEF á Íslandi greindi Hagstofa Íslands svör úr evrópsku líf skjara-rannsókninni með nýrri aðferð sem þróuð var af rannsóknarstofnun UNICEF og nefnist „skortgreining UNICEF“. Niðurstöður greiningarinnar eru kynntar í þessari skýrslu. Með aðferðinni eru mótaðar nýjar leiðir til að greina efnislegan skort meðal barna í efnameiri ríkjum heims.
- Samhliða þessu setti DataMarket upp mælaborð á netinu fyrir gagnasafn skýrslunnar. Þar eru gögnin öllum aðgengileg og hægt að skoða þau með ýmsum hætti, eftir ólíkum sviðum og bakgrunnsbreytum, velja hvernig þau birtast og hvað er borið saman. Mælaborðið verður til að byrja með vistað á vefsíðunni www.unicef.is.

1

BARNAFÁTÆKT OG BÖRN SEM LÍÐA EFNISLEGAN SKORT

NÝ AÐFERÐ UNICEF TIL AÐ MÆLA EFNISLEGAN SKORT MEÐAL BARNA

Barnafátækt er skilgreind sem „skortur á efnislegum, andlegum og tilfinningalegum gæðum sem eru börnum nauðsynleg til að lifa, þroskast og dafna“ⁱⁱⁱⁱ og er oft mæld í einstökum víddum eða flokkum. Rannsóknarstofnun UNICEF, sem þróaði skortgreininguna sem hér er kynnt, hefur um árabil unnið að því að skilgreina og rannsaka skort og fátækt meðal barna í efnameiri ríkjum:

- Árið 2007 kom út skýrsla frá stofnuninni í *Report Card*-ritröð hennar: *An overview of child well-being in rich countries*. Í skýrslunni voru skilgreind sex svið sem mæla velferð barna og ríki flokkuð eftir því hversu vel þau uppfylltu þau skilyrði sem sett voru fyrir hvert svið.
- Í *Report Card 9, The children left behind*, frá árinu 2010 var velferð barna aftur skilgreind út frá þremur flokkum. Þar var hins vegar ekki lagt upp úr því að skoða meðaltöl heldur voru þau börn sem féllu á botninn í hverjum flokki fyrir sig tekin til athugunar og lönd flokkuð eftir því hversu vel þau sinntu þeim.
- Árið 2012 kom út *Report Card 10, Measuring child poverty*, þar sem afstæð fátækt var mæld og borin saman á milli Evrópuríkja. Einnig var þar að finna svokallaða „skortsvísitölu“ þar sem gögn úr evrópsku lífskjararannsókninni frá árinu 2009 voru nýtt til að greina efnislegan skort.
- Í *Report Card 11, Child well-being in rich countries*, frá árinu 2013 voru ríki flokkuð eftir meðaltali á fimm sviðum. Í skýrslunni voru settir fram ýmsir mælikvarðar á velferð barna og ríkjum raðað upp eftir árangri á ýmsum sviðum þeim tengdum, svo sem efnislegri velferð, menntamálum og heilbrigðismálum. Einnig var huglægt mat barna á eigin lífsánægju mælt.
- Árið 2014 kom út *Report Card 12, Children of the Recession: The impact of the economic crisis on child well-being in rich countries*. Sú skýrsla fjallaði um áhrif efnahagshrunsins á börn í velferðarríkjum. Þar kom m.a. fram að ójöfnuður hafði aukist og hægst hafði á efnahagsþróun víða í velferðarríkjum sökum efnahagshrunsins árið 2008.

Pótt ýmsar gagnlegar upplýsingar sé að finna í þessum skýrslum og í hefðbundnum mælingum á barnafátækt er að mati UNICEF aukin þörf á að skoða barnafátækt á víðtækari hátt.^{iv} Nauðsynlegt er að skoða hvernig börn líða fyrir fjárhagslegan skort samhliða rannsóknnum á aðgengi þeirra að ýmsum efnislegum gæðum.^v

Þegar börn líða skort og þau hafa til dæmis ekki færi á að halda upp á afmæli, bjóða vinum í heimsókn, fá ný fót eða skó sem passa er hætta á að þau verði félagslega einangruð. Það getur haft veruleg og varanleg áhrif á þroska þeirra og framtíð. Þegar hluti barna í samfélaginu býr við slíkan skort hafa ekki öll börn sömu tækifæri á að njóta réttinda sinna. Þannig skerðum við lífsgæði þeirra, ekki einungis á þeirri stundu heldur til frambúðar.^{vi}

SKORTGREINING UNICEF

Sú aðferð sem notuð er í þessari skýrslu við greiningu efnislegs skorts meðal barna kallast á frummálinu MODA (e. Multiple overlapping deprivation analysis). Um er að ræða aðferð sem gerir okkur kleift að greina skort frá mörgum hliðum í einu. Ýmist er talað um CC-MODA (e. Cross-country MODA) eða N-MODA (e. National MODA), eftir því hvort um er að ræða greiningu innan einstaka ríkis eða hvort verið er að bera saman stöðu margra ríkja.

MODA er alhliða greiningartæki á fjölbættan skort barna. Þegar gerð er N-MODA-greining eru ólíkar breytur notaðar í hverju landi fyrir sig, enda ekki endilega sömu gögn aðgengileg alls staðar. Í greiningu sem ber saman lönd, eða CC-MODA, eru þó ævinlega notuð samanburðarhæf gögn.

Sú greining sem gerð eru skil í þessari skýrslu er N-MODA greining sem byggir á íslensku gagnasafni úr evrópsku lífshjúðarannsókninni. Greiningin var jafnframt löguð að íslensku samfélagi og gefur því raunhæfa mynd af stöðunni hérlendis. Verði greining sem þessi framkvæmd reglulega verður hægt að bera saman stöðu barna hér á landi yfir lengri tíma og öðlast þannig betri heildarsýn á málaflokkinn.

N-MODA-greining byggir á heildstæðri skilgreiningu á velferð barna. Það þýðir að hún einblínir á margs konar þjónustu og efnisleg gæði sem eru nauðsynleg þroska og heilsu barns. Um leið er tekið tillit til neysluvenja, útgjalda fjölskyldunnar og breytilegra þarfa barna á mismunandi aldurstigum. Saman draga þessar upplýsingar upp heildstæða mynd af velferð barna.

Fjögur atriði gera nálgun UNICEF við greininguna frábrugðna fyrri rannsóknaraðferðum á barnafátækt og efnislegum skorti. Umrædd atriði eru eftirfarandi:^{vii}

1. Barnið er „einingin“ sem rannsóknin einblínir á.

Í stað þess að einblínt sé á heimilið sem heild, eins og gert er í flestum rannsóknnum á barnafátækt, er horft á barnið á heimilinu. Börn upplifa skort og fátækt á annan hátt en fullorðnir. Skorturinn getur hamlað þroska þeirra, til dæmis þegar þau upplifa skert aðgengi að næringu eða menntun. Þetta getur aftur haft langvarandi áhrif á framtíð þeirra. Þarfir barna eru oft aðrar en foreldra þeirra og heimilisins og því getur það skekkt niðurstöður að einblína á allt heimilið í stað þess að horfa á barnið sem einstakling.

2. Nálgunin undirstrikar að börn eru ekki einsleitir hópur.

Skortgreining UNICEF skiptir börnum upp í hópa eftir aldri, þ.e. ungbörn (0-5 ára), börn (6-15 ára) og ungmenni (16-18 ára). Börn hafa ólíkar þarfir á ólíkum stigum barnæskunnar.

3. Skortgreining UNICEF samþættir og skoðar skörun.

Greiningin dregur fram hvort börn líða skort á ólíkum sviðum, hversu mörgum og hvað hefur áhrif á það.

4. Skortgreining UNICEF er barnamiðuð og gengur út frá áherslu UNICEF á jafnræði (e. equity).

Greiningin gerir okkur kleift að einblína á þá hópa barna sem líða hvað mestan skort í samfélaginu og draga upp mynd af barni sem tilheyrir þeim hópum; til dæmis hvar barnið býi, hver menntun foreldra þess sé og fjárhagsleg staða. Skortgreiningin dregur fram hvernig skortur barna skarast eftir ákveðnum breytum og sviðum, hún dregur fram helstu áhrifaþætti og leiðir þannig í ljós sérstök einkenni þeirra barna sem líða skort. Þannig er greiningin tilvalin við opinbera stefnumótun og gerir innleiðingu hennar skilvirkari, bæði í einstökum ríkjum sem og á milli ríkja.

HEFÐBUNDNAR MÆLINGAR Á FÁTÆKT

Fátækt er hægt að mæla og skoða á mismunandi vegu og út frá ólíkum sjónarhornum. Af þeim sökum er stefnumörkun í málaflokknum af misjöfnum toga. Það skiptir því miklu máli hvernig við mælum og skoðum fátækt. Hér verður fjallað um nokkrar skilgreiningar á fátækt sem notaðar eru við mælingar um allan heim, þ.e. alger fátækt, afstæð fátækt og mælingar á efnislegum skorti.

Alger fátækt (e. absolute poverty) er byggð á ákveðnum tekjuþröskuldi sem settur er sem viðmið um það á hvaða tekjum einstaklingur eða fjölskylda á að geta lifað. Allir sem eru neðan þessa þröskuldar teljast fátækir. Skilgreiningin tekur ekki inn sibreytilegt samfélag og býður ekki upp á sveigjanleika, t.d. þegar kemur að því að endurskilgreina þarfir samfélagsþegnanna. Slík skilgreining er þó víða notuð sem viðmið og er sem dæmi notuð í Bandaríkjunum.^{viii}

Gagnrýni á algera fátækt er að finna víða og er helsta ástæða þess að farið var að fjalla um **afstæða fátækt** (e. relative poverty). Afstæð fátækt tekur til greina að í hverju samfélagi fyrir sig er sífellt þróun og að sá staðall sem settur er fyrir velferð getur alltaf færst til, þannig eru lífskjör árið 1980 ekki þau sömu og árið 2015.^{ix} Afstæð fátækt miðar við ákveðin lágtekjumörk eða lágtekjuhlotfall. Það er mælt sem hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en skilgreind lágtekjumörk. Lágtekjumörk á Íslandi eru skilgreind sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í viðkomandi landi. Þannig breytast mörkin samhliða því að tekjur breytast og viðmiðið tekur þannig tillit til breytinga í samfélaginu.

Báðar mælingar gefa innsýn í fátækt. Með algerri fátækt sést hverjir falla neðan ákveðinna marka og teljast fátækir samkvæmt þeim mörkum. Með því að skoða afstæða fátækt fæst hins vegar meira svigrúm í tíma. Mælingin dregur fram þau sem samfélagið telur fátæk samkvæmt ákveðnum stöðlum á þeim tíma sem mælingin fer fram.^x

Hagstofa Íslands hefur frá því árið 2004 safnað saman gögnum um fátækt á Íslandi og birt á vefsíðu sinni eða í Hagtíðindum. Hagstofan

stýðst við mælingar á afstæðri fátækt en skoðar að auki hversu margir líða **skort á efnislegum gæðum** (mælt út frá skorti heimila í heild, ekki sérstaklega sniðið að börnum) og hversu margir **eiga erfitt með að láta enda ná saman**. Báðar mælingar segja sína sögu. Í **töflu 1.1** og á **mynd 1.1** má sjá hvernig þróun þessara mælinga hefur verið á Íslandi frá því árið 2004 til ársins 2014.

Hlutfall fólks sem lifir undir lágtekjumörkum hefur haldist stöðugt frá því að mælingar hófust á Íslandi árið 2004, eða í kringum 9-12%. Þau mældust hæst árið 2010 þegar 12,3% Íslendinga mældust undir lágtekjumörkum og mældust lægst í 9,5% árið 2009.

Skortur á ákveðnum efnislegum gæðum getur gefið ýmsar vísbendingar um stöðuna í samfélaginu. Fólk telst búa við skort ef það skortir þrennt af ákveðnum skilgreindum gæðum og verulegan skort ef það skortir fernt af sömu gæðum. Þegar skortur á efnislegum gæðum er skoðaður á Íslandi má sjá að hann mældist mestur árið 2007 frá því að mælingar hófust, en þá var hann 9,6%, lægstur mældist hann 3,0% árið 2008. Árið 2014 mældist hann svo 8,0%.

Mælingar á því hversu margir eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman er ágætis viðmið og vísbending um þau sem eiga á hættu að falla niður fyrir lágtekjumörkin eða líða skort á efnislegum gæðum. Þessi hópur mælist ekki endilega fátækur en ekkert óvænt má koma upp á svo það breytist. Líkt og má sjá í **töflu 1.1** hefur þessi hópur mælist stærri en sá sem fellur undir lágtekjumörk allt frá því árið 2009.

Hefðbundnar mælingar á fátækt eru nauðsynlegar til að varpa ljósi á stöðu samfélags í heild sinni. Að mati UNICEF er hins vegar nauðsynlegt að mæla einnig sérstaklega stöðu barna, burtséð frá því hver staða fullorðinna er. Fátækt hefur almennt meiri áhrif á börn en fullorðna vegna þess hve viðkvæm börn eru. Þau tækifæri sem glatast í barnæsku er líka ekki endilega tryggt að fólk fái aftur á fullorðinsárum.^{xi} Þess vegna er barnafátækt skilgreind öðruvísi en fátækt fullorðinna^{xii} og þess vegna þarf að mæla barnafátækt og skort meðal barna á annan máta en fátækt fullorðinna.

Líkt og má sjá á mælingum Hagstofu Íslands hefur hlutfall fólks undir lágtekjumörkum haldist frekar stöðugt á tímabilinu sem um ræðir. Hvað varðar skort á efnislegum gæðum má sjá svipaða þróun og mælist hér í skýrslunni. Það athyglisverða er hins vegar að skortur meðal barna mælist aðeins meiri en hjá fullorðnum, þ.e. 9,1% og 8%.

Þetta er UNICEF á Íslandi áhyggjuefni og sýnir ástæðu þess að nauðsynlegt er að mæla skort meðal barna burtséð frá aðstæðum fullorðinna. Skortur meðal barna getur verið falinn þrátt fyrir batnandi stöðu fullorðinna og því er skortgreining UNICEF mikilvæg við stefnumótun og rannsóknir.

Við höfum lagt áherslu á meðaltöl og góðan árangur síðustu áratugi. Það er ekki nóg. Með þeirri aðferð sem hér er kynnt er hægt að sjá hvaða börn hafa það verst. Þannig tókum við fullorðna úr jöfnunni, en sjáum samt sem áður hvaða áhrif staða fullorðinna hefur á börn og stöðu þeirra í samfélaginu.

Skortgreining UNICEF er fyrsta skrefið í áttina að því að tryggja öllum börnum tækifæri á að njóta réttinda sinna. Það fæðast ekki öll börn jöfn – en það er á okkar valdi að gefa þeim tækifæri til að vera það.


Tafla 1.1

Hefðbundnar mælingar Hagstofu Íslands á fátækt á Íslandi 2004-2014

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Undir lágtekjumörkum	11,0%	10,1%	11,8%	11,8%	11,5%	9,5%	12,3%	10,5%	9,9%	11,7%	10,0%
Skortur á efnislegum gæðum	8,9%	9,2%	8,2%	9,6%	3,0%	3,6%	8,1%	7,8%	9,2%	8,4%	8,0%
Mjög erfitt að láta enda ná saman	11,1%	6,0%	5,5%	6,8%	6,6%	9,6%	15,8%	14,9%	13,6%	14,6%	11,9%

Mynd 1.1

Hefðbundnar mælingar Hagstofu Íslands á fátækt á Íslandi 2004-2014



EVROPSKA LIFSKJARARANNSOKNIN

Evrópska lífskjararannsóknin er framkvæmd árlega á Íslandi í samstarfi við Hagstofu Evrópusambandsins. Markmið rannsóknarinnar er að búa til gagnasafn sem gerir okkur kleift að bera saman aðstæður og kjör á milli Evrópuríkja. Gagnaöflunin gerir okkur auðveldara fyrir að leita svara við spurningum um afkomu heimila, hvort munur sé á lífskjörum eftir heimilisgerð, aldri, búsetu, stöðu á húsnæðismarkaði o.s.frv.^{xiii}

Í sérstökum viðauka við lífskjararannsóknina árin 2009 og 2014 voru þátttakendur beðnir um að svara spurningum um hvort börn á heimilum þeirra nýtu tiltekinna efnislegra gæða eða skorti þau. Árið 2009 var spurt um efnisleg gæði út frá fjórtán flokkum en árið 2014 var spurt um þrettán. Gert var ráð fyrir því að sá sem svaraði spurningunum hefði svarað þeim m.t.t. allra barna á heimilinu.^{xiv}

Sökum úrtaksstærðar var ekki hægt að nýta alla möguleika skortgreiningar UNICEF hér á landi. Til dæmis var ekki hægt að framkvæma

greiningu á landshlutum eða sveitarfélögum því fjöldi barna á bak við slík svæði var í mörgum tilfellum of lítill til að skila áreiðanlegum niðurstöðum. Að auki var ekki mögulegt að aldursskipta hópnnum eins og skortgreiningin býður upp á. Í lífskjararannsókninni var aðeins safnað gögnum um börn á aldrinum 1-15 ára og því miðast greining þessarar skýrslu einungis við þann aldurshóp barna á Íslandi.

Tafla 1.2 sýnir svör við spurningunum úr lífskjararannsókninni á Íslandi fyrir árin 2009 og 2014. Skortgreining UNICEF flokkar þessi svör niður í sjö svið: Næringu, menntun, klæðnað, upplýsingar, húsnæði, afþreyingu og félagslíf.

Tafla 1.2 sýnir okkur grunniðurstöður úr lífskjararannsókninni áður en þeim er skipt niður á sviðin sjö sem áður voru nefnd og áður en þau eru keyrð saman við hinar ýmsu bakgrunnsbreytur með þeirri aðferð sem hér er kynnt. Spurningarnar sjálfar má lesa í viðauka II aftast í skýrslunni.

FYRIRVARAR VIÐ SKORTGREINGINGU UNICEF

RANNSÓKNIN

Árið 2014 voru 4.499 heimili í úrtaki evrópsku lífskjararannsóknarinnar á Íslandi. Nettóúrtakið var 4.221 heimili þegar þeir sem voru látnir eða fluttir úr landi höfðu verið dregnir frá. Alls fengust svör frá 3.001 heimili sem jafngildir 71.1% svarhlutfalli. Frá þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.842 einstaklinga. Þar af voru 1.798 börn á aldrinum 1-15 ára.

Evrópska lífskjararannsóknin er heimiliskönnun. Á Íslandi er hún framkvæmd þannig að valinn svarandi veitir upplýsingar fyrir allt heimilisfólk. Niðurstöður sýna þannig hlutfall barna, 1-15 ára, sem búa á heimilum sem þurfa að neita einu eða fleiri börnum um tiltekin lífsgæði.

UM MÆLINGARNAR

- Spurningarnar eru alfarið ákveðnar af Hagstofu Evrópusambandsins, ekki UNICEF á Íslandi.
- Efnislegur skortur segir aldrei alla söguna um velferð barna. Hann hefur til dæmis minni áhrif en ella ef börn hafa ríkan aðgang að óefnislegum gæðum, s.s. samveru, kærleiksríki umönnun og nánd.
- Ekki var mögulegt að aldursskipta börnunum eins og skortgreiningin býður upp á. Ástæðan er sú að í evrópsku lífskjararannsókninni var gögnum aðeins

safnað um börn á aldrinum 1-15 ára. Því miðast öll greining hér í skýrslunni við þennan aldurshóp barna.

- Árin 2009 og 2014 voru þátttakendur í lífskjarakönnuninni beðnir að svara sérstökum viðauka um skort heimilisins á efnislegum gæðum sem lúta að lífsgæðum barna. Árið 2009 var spurt um gæði út frá fjórtán atriðum en árið 2014 var spurt um þrettán. Alls voru tólf atriði sem spurt var um bæði árin. Þau börn sem skortir a.m.k. tvö af þessum tólf atriðum sem snúa sérstaklega að börnum eru talin búa við skort á efnislegum gæðum.
- Ákveðin atriði snerta alla meðlimi heimilisins og eru því ekki mæld sérstaklega fyrir barnið. Þetta eru atriði sem falla undir húsnæði og upplýsingar í töflunni hér við hliðina. Þau eru fastur hluti af lífskjararannsókninni og mæld árlega af Hagstofu Íslands.
- Í þeim gögnum sem safnað var árið 2009 má ætla að enn sé að finna áhrif góðærisins og skorturinn þá hafi því mælst óvenju lágur.

Tafla 1.2

Yfirlit yfir mælingar úr evrópsku lífskjararannsókninni – þau börn sem líða efnislegan skort. Mælingarnar koma úr viðaukanum 2009 og 2014 sem náði sérstaklega til barna, nema annað sé tekið fram.^{xv}


Svið	Spurningar	2009	2014
Næring	Fær ekki ávexti eða grænmeti daglega	3,2%	0,7%
	Fær ekki a.m.k. eina kjöt- eða fiskmáltíð eða sambærilega grænmetismáltíð daglega	1,4%	3,0%
Klæðnaður	Á ekki föt sem það hefur fengið ný, þ.e. föt sem enginn annar hefur átt	2,0%	2,2%
	Á ekki a.m.k. tvö pör af skóm sem passa	2,2%	3,1%
Menntun	Getur ekki tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga (6-15 ára börn)	1,8%	2,8%
	Er ekki með aðstöðu til heimanáms á heimilinu (6-15 ára börn)	0,3%	0,4%
	Hefur ekki aðgengi að a.m.k. einni klukkustund í daggæslu á viku	0,0%	0,0%
Afbreyting	Á ekki bækur sem henta aldri	0,8%	1,7%
	Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utan dyra	1,0%	2,4%
	Á ekki leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika sér með innandyra	0,3%	1,3%
Félagslíf	Getur ekki haldið uppá afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu	0,7%	1,4%
	Getur ekki boðið vinum sínum heim til að leika við eða borða með	1,6%	3,8%
Upplýsingar*	Hefur ekki aðgengi að tölvu á heimilinu	0,9%	0,8%
	Hefur ekki aðgengi að sjónvarpi á heimilinu	1,2%	0,7%
Húsnæði*	Býr við þröngbýli (reiknað út frá fjölda herbergja og fjölda og samsetningu heimilisfólks. Hvert heimili þarf eitt herbergi sem er sameiginlegt fyrir allt heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12-17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri)	8,3%	11,2%
	Hefur ekki aðgengi að baðkeri eða sturtu í húsnæðinu	0,0%	0,3%
	Hefur ekki aðgengi að salerni í húsnæðinu (tekið úr skráargögnum)	0,0%	0,4%
	Ekki kemur næg dagsbirta inn um gluggana á húsnæðinu	1,4%	3,3%
Tómstundir**	Getur ekki stundað íþróttir, tónlist eða annað barna- eða unglíngastarf	14,30%	31,90%


* Mæling er ekki úr sérstökum viðauka og því ekki notuð til útreikninga á almennum skorti meðal barna á Íslandi


** Mæling er einungis notuð við útreikning á almennum skorti en ekki við útreikning á skorti meðal barna innan einstakra sviða

RÚMLEGA 9% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA EFNISLEGAN SKORT



 Börn á Íslandi sem teljast ekki líða efnislegan skort

 Börn á Íslandi sem líða skort (skortir tvennt eða meira)

 Börn á Íslandi sem líða verulegan skort (skortir þrennt eða meira)

2

HVERT ER UMFANG
SKORTS MEÐAL
BARNA Á ÍSLANDI?

Líkt og fram kom í 1. kafla eru svörin við spurningunum úr evrópsku lífskjararannsókninni flokkuð með skortgreiningu UNICEF eftir sjö sviðum: Næring, menntun, klæðnaður, upplýsingar, húsnæði, afþreying og félagslíf. Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður greiningarinnar á skorti meðal barna eftir sviðum og rýnt í dýpt efnislegs skorts hér á landi.

SKORTUR MEÐAL BARNA EFTIR SVIÐUM

HEFUR RÚMLEGA TVÖFALDAST

Börn teljast líða skort ef þau skortir tvennt eða fleira af því sem spurt var um í viðaukanum við lífskjararannsóknina. Greining UNICEF leiðir í ljós að 9,1% allra barna á Íslandi liðu skort árið 2014, samanborið við 4,0% barna árið 2009. Fjöldi barna sem liður skort hefur því rúmlega tvöfaldast á tímabilinu.

Helst liðu börn á Íslandi skort árið 2014 hvað varðar húsnæði og félagslíf. Mesta aukningin í prósentustigum er á sviði húsnæðis, afþreyingar og félagslífs. Einungis á sviði upplýsinga og næringar hefur skorturinn minnkað. Þetta sést í [töflu 2.1](#) og á [mynd 2.2](#).

En hvaða mynd birtist ef hlutföllin sem liggja fyrir um skort eru yfirfærð á heildarfjölda barna á Íslandi eftir sviðum? Aldursbilið sem greiningin nær yfir er 1-15 ára.

Í ljós kemur að gera má ráð fyrir því að tæplega 9.000 börn á Íslandi líði skort á sviði húsnæðis. Þröngbýli er oftast ástæða þess að barn telst líða skort á þessu sviði (sjá svör í 1. kafla). Sé hlutfall barna sem líða skort yfirfært á heildarfjölda barna á Íslandi 1-15 ára kemur sömuleiðis í ljós að gera má ráð fyrir að í kringum 3.400 börn líði skort hvað varðar félagslíf. Algengasta ástæðan

er sú að barnið getur ekki boðið vinum sínum heim til að borða eða leika við.

Litlu færri börn líða skort á sviði klæðnaðar en félagslífs. Algengasta orsökina er sú að barnið á ekki tvennt þör af skóm sem passa. Að sama skapi líða í kringum 3.200 börn skort á sviði afþreyingar. Þau eiga til dæmis ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utandyra og/eða ekki bækur sem henta aldri.

Á [mynd 2.3](#) má sjá hversu mörg börn líða skort á hverju sviði.

Greining UNICEF leiðir í ljós að 9,1% allra barna á Íslandi liðu skort árið 2014, samanborið við 4,0% barna árið 2009. Fjöldi barna sem liður skort hefur því rúmlega tvöfaldast á tímabilinu.

HVERNIG ER ALMENNUR SKORTUR MEÐAL BARNA REIKNADUR?


- Almennur skortur meðal barna er mældur með aðferð sem byggir á nálgun Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, við mælingar á skorti heimila á efnislegum gæðum og hefur verið notuð af rannsakendum á vegum rannsóknarstofnunar UNICEF.
- Almennur skortur meðal barna er ekki samtala skorts á ólíkum sviðum. Börn teljast einfaldlega líða skort ef þau skortir tvö af þeim tólf atriðum í lífskjararannsókninni sem snúa sérstaklega að börnum.

Börn sem skortir þrennt eða fleira af sömu atriðum eru sögð líða verulegan skort.

- Með skortgreiningu UNICEF er hægt að sjá á hvaða sviðum börn líða skort. Skortur á tilteknum sviðum getur innihaldið mælingar sem ná ekki einungis til barna, svo sem hvað varðar húsnæði. Slík mæling snertir alla meðlimi heimilisins. Viðaukanum við lífskjararannsóknina er á hinn bóginn ætlað að ná sérstaklega utan um lífsgæði barna – svo sem hvort þau geti haldið upp á tímamót í lífi sínu, boðið vinum heim og eigi skó sem passa. Almenni skorturinn (það að „líða skort“ / „líða verulegan skort“) miðast eingöngu við svör við þeim spurningum sem ná sérstaklega til barna.

Mynd 2.1

Skortur meðal barna á Íslandi 2009 og 2014




Tafla 2.1

Börn á Íslandi sem líða skort eftir sviðum 2009 og 2014

	2009	2014
Næring	4,2%	3,2%
Klæðnaður	4,0%	4,9%
Menntun	2,0%	3,0%
Upplýsingar	2,1%	1,3%
Húsnæði	8,9%	13,4%
Afþreying	2,0%	4,9%
Félagslíf	2,1%	5,1%

Mynd 2.2

Börn á Íslandi sem líða skort eftir sviðum 2009 og 2014 (hlutfall)



Mynd 2.3

Börn á Íslandi sem líða skort eftir sviðum 2009 og 2014 (fjöldi)



EFNISLEGUR SKORTUR MEÐAL BARNNA Á ÍSLANDI ER FLOKKAÐUR Í SJÖ SVIÐ

Næring: Hér eru flokkuð saman svör við spurningum um það hvort börn fái ávexti eða grænmeti daglega og hvort þau fái a.m.k. eina kjöt- eða fiskmáltíð eða sambærilega grænmetismáltíð á hverjum degi.

Klæðnaður: Hér eru flokkuð saman svör við spurningum um það hvort barnið eigi fót sem það hefur fengið ný, þ.e. fót sem enginn annar hefur átt, og hvort það eigi a.m.k. tvö pör af skóm.

Menntun: Hér eru flokkuð saman svör við spurningum um það hvort barnið geti tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga og hvort aðstaða sé til heimanáms á heimilinu.

Upplýsingar: Hér eru flokkuð saman svör við spurningum um það hvort börn hafi aðgang að tölvu og sjónvarpi á heimilinu.

Húsnæði: Hér eru tekin saman fjögur atriði. Það fyrsta er þröngbýli en það er reiknað út frá fjölda herbergja og fjölda og samsetningu heimilisfólks. Hvert heimili þarf eitt herbergi sem er sameiginlegt fyrir allt heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12-17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri.

Næsta atriði er salerni en upplýsingar um hvort salerni sé í húsnæðinu eru sóttar í skráargögn. Loks er spurt um aðgang að baðkeri eða sturtu í húsnæðinu og hvort næg dagsbirta komi inn um gluggana á húsnæðinu.

Afþreying: Hér eru flokkuð saman svör við spurningum um það hvort barnið eigi bækur sem henta aldri, hvort það eigi leiktæki, leikföng eða ípróttabúnað til að vera með utan dýra og hvort það eigi leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika sér með innandyra.

Félagslíf: Hér eru flokkuð saman svör við spurningum um það hvort barnið geti haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og hvort það geti búið vinum sínum heim til að leika við eða borða með.

Spurningarnar koma úr evrópsku lífskjararannsókninni sem lögð var fyrir hér á landi 2009 og 2014 af Hagstofu Íslands.

Ekki liggja jafnmargar spurningar úr evrópsku lífskjararannsókninni til grundvallar á öllum sviðum. Svið húsnæðis er mælt með fjórum atriðum en svið klæðnaðar er aðeins mælt með tveimur spurningum. Ástæðan fyrir því er að til að mæla gæði húsnæðis og hvort barn líði skort á því sviði þarf að spyrja fleiri spurninga en í öðrum flokkum. T.d. þykir nægjanlegt að spyrja hvort barn eigi ný fót og skó til að mæla skort á sviði klæðnaðar.

DÝPT SKORTS

BÖRN SKORTIR ALLT AÐ SJÖ ATRIÐI

Athyglisvert og mikilvægt er að skoða tölur um dýpt skorts, þ.e. hversu mikið börn á Íslandi skortir. Einnig hvaða breyting mælist á milli rannsóknanna 2009 og 2014.

Árið 2009 skorti ekkert barn meira en fjögur atriði úr viðaukanum við lífskjararannsóknina en árið 2014 var staðan orðin allt önnur. Þá skorti börn allt að sjö þætti af listanum. Um 0,2% barna var að ræða. Þetta má sjá í [töflu 2.2](#). Sé þessu hlutfalli breytt í fjölda barna (1-15 ára) kemur í ljós að um 147 börn er að ræða.

Eins og áður kom fram er talað um að börn búi við *skort* ef þau skortir tvennt eða fleira af þeim tólf atriðum í lífskjararannsókninni sem snúa sérstaklega að börnum. Á sama hátt er talað um að þau búi við *verulegan skort* ef þau skortir þrennt eða fleira af listanum.

Verulegur skortur meðal barna hér á landi hefur nær þrefaldast frá árinu 2009. Alls líða 2,4% barna verulegan skort. Bæði skortur og verulegur skortur hafa þannig aukist hér á landi á milli tímabila. Þetta má sjá á [mynd 2.4](#).

Gagnlegt getur verið að yfirfæra hlutfallstölur á heildarfjölda barna (1-15 ára) á Íslandi. Það setur umfang skortsins í betra samhengi. Gera má ráð fyrir að rúmlega 6.100 börn líði skort hér á landi. Af þeim líða 1.586 börn verulegan skort.

Fjölgað hefur í hópi þeirra barna sem skortir eitt atriði af listanum í lífskjararannsókninni sem liggur hér til grundvallar. Á [mynd 2.6](#) má sjá að árið 2009 voru 18,9% barna í þeirri stöðu en árið 2014 voru þau 30,3%. Börn sem skortir eitt atriði teljast þó ekki líða skort samkvæmt skilgreiningunni sem notast er við í þessari skýrslu og aðferð UNICEF til að greina efnislegan skort meðal barna. Slíkur skortur getur að sjálfsögðu bæði verið tilviljanakenndur og viljandi – til dæmis að foreldrar barna eigi ekki sjónvarpstæki því þeir kjósi svo. Hlutfall þeirra sem skortir eitt atriði hefur þó hækkað verulega sem bendir til þess að fleiri börn hér á landi eigi á hættu að líða skort.

Tafla 2.2

Dýpt skorts meðal barna á Íslandi 2009 og 2014

Fjöldi atriða	2009	2014
Ekkert	77,1%	60,6%
Eitt	18,9%	30,3%
Tvö	3,1%	6,8%
Þrjú	0,7%	1,7%
Fjögur	0,2%	0,2%
Fimm	-	0,1%
Sex	-	0,1%
Sjö	-	0,2%

6.107

börn líða skort hér á landi

1.586


þeirra líða verulegan skort

HVAÐ ÞÝÐIR AÐ LÍÐA SKORT?

- Börn eru sögð „líða skort“ ef þau skortir tvö af þeim tólf atriðum í lífskjararannsókninni sem snúa sérstaklega að börnum.
- Börn sem skortir þrennt eða fleira af sama lista eru sögð líða „verulegan skort“.
- Til að teljast líða skort á ákveðnu sviði þarf að skorta að minnsta kosti eitt af þeim atriðum sem spurt var um varðandi viðkomandi svið.


Mynd 2.4

Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort 2009 og 2014 (hlutfall)




Mynd 2.5

Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort 2009 og 2014 (fjöldi)



Mynd 2.6

Börn á Íslandi sem teljast ekki líða skort 2009 og 2014



Áhugavert er að skoða hvernig skortur meðal barna dreifist. Í **töflu 2.3** sýnir fyrsti dálkurinn hversu hátt hlutfall barna á Íslandi (1-15 ára) skortir eitthvað á umræddu sviði. Í næsta dálki sjáum við þau börn sem mælast með skorti, þ.e. þau sem skortir tvennt eða fleira af þeim atriðum í lífskjararannsókninni sem snúa sérstaklega að börnum. Þar sjáum við hversu miklar líkur eru á að þau líði skort á hverju sviði fyrir sig. Í þriðja dálkinum er svo

hægt að sjá hver staðan er hjá þeim börnum sem líða verulegan skort – hversu miklar líkur eru á að þau líði skort á umræddu sviði. Sömu upplýsingar er að finna á **mynd 2.7**. Til að teljast líða skort á ákveðnu sviði þarf að skorta að minnsta kosti eitt af þeim atriðum sem spurt er um á umræddu sviði.

Tafla 2.3

Líkur á að börn á Íslandi líði skort á ákveðnum sviðum 2014

	Skortur á meðal allra barna (af öllum börnum á Íslandi eru svona miklar líkur á að þau skorti á umræddu sviði)	Börn sem líða skort (ef barn líður skort eru svona miklar líkur á að það skorti á umræddu sviði)	Börn sem líða verulegan skort (ef barn líður verulegan skort eru svona miklar líkur á að það skorti á umræddu sviði)
Næring	3,2%	21,9%	54,6%
Klæðnaður	4,9%	33,0%	65,4%
Menntun	3,0%	14,8%	27,9%
Upplýsingar	1,3%	3,3%	8,7%
Húsnæði	13,4%	32,8%	44,1%
Afbreyting	4,9%	35,5%	60,8%
Félagslíf	5,1%	41,8%	48,6%

Mynd 2.7

Líkur á að börn á Íslandi líði skort á ákveðnum sviðum 2014



NÆRING

Alls búa 3,2% barna á Íslandi við skort á sviði næringar. Þegar við skoðum aðeins þau börn sem teljast líða skort, þ.e. skortir tvennt eða meira, hækkar hlutfallið hins vegar upp í 21,9%. Þegar við skoðum þau börn sem búa við verulegan skort er hlutfallið síðan orðið 54,6%. Það þýðir að meira en helmingur þeirra barna sem líða verulegan skort á Íslandi býr við skort á sviði næringar – skortir að minnsta kosti annað af því sem spurt var um á sviði næringar.

36X Börn sem líða verulegan skort á Íslandi eru 36 sinnum líklegri en önnur börn til að líða skort á sviði næringar.

KLÆÐNAÐUR

Í heildina skortir 4,9% barna á Íslandi klæðnað. Spurt var um ný fót og skó sem passa. Þegar skoðuð eru þau börn sem búa við skort hækkar hlutfallið hins vegar í 33,0%. Þegar litið er til barna sem líða verulegan skort hækkar það svo í 65,4%. Það þýðir að tvö af hverjum þremur börnum sem líða verulegan skort á Íslandi líða skort á sviði klæðnaðar.

36X Þessi börn eru 36 sinnum líklegri en önnur börn til að líða skort á sviði klæðnaðar.

MENNTUN

Á sviði menntunar er mælt hvort börn geti tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem greiða þarf fyrir og hvort börn hafi aðstöðu til heimanáms á heimili sínu. 3,0% barna líða skort á sviði menntunar á Íslandi. Þegar skoðuð eru þau börn sem líða skort hækkar hlutfallið hins vegar í 14,8% og síðan aftur í 27,9% hjá þeim sem líða verulegan skort.

12X Börn sem líða verulegan skort eru þannig 12 sinnum líklegri en önnur börn til að líða skort á sviði menntunar.

UPPLÝSINGAR

Fæst börn líða skort á sviði upplýsinga. Spurt var um aðgengi að tölvu og sjónvarpi á heimili. Alls líða 1,3% barna skort á þessu sviði. Ef litið er til þeirra barna sem líða skort hækkar hlutfallið þó upp í 3,3% og aftur upp í 8,7% þegar litið er til þeirra sem líða verulegan skort.

7X Börn sem líða verulegan skort eru rúmlega 7 sinnum líklegri en önnur börn til að líða skort á sviði upplýsinga.

HÚSNÆÐI

Mestur skortur meðal barna á Íslandi mælist á sviði húsnæðis. 13,4% allra barna hér á landi búa við einhvers konar skort á sviði húsnæðis en m.a. var spurt um þröngbýli, aðgengi að salerni og hvort næg dagsbirta komi inn um gluggana á húsnæðinu. Þegar litið er til þeirra barna sem búa við skort, þ.e. skortir tvennt eða meira, hækkar hlutfallið hins vegar í 32,8% og síðan í 44,1% hjá þeim börnum sem búa við verulegan skort. Það þýðir að yfir 40% barna á Íslandi sem líða verulegan skort búa við skort á þessu sviði.

5X Þessi börn eru með öðrum orðum fimm sinnum líklegri en önnur börn til að búa við skort á sviði húsnæðis.

AFÞREYING

4,9% allra barna á Íslandi búa við skort á sviði afþreyingar. Meðal þess sem spurt var um var hvort barnið ætti bækur sem hentuðu aldri og hvort það ætti leiktæki, leikföng og íþróttabúnað til að vera með utandyra. Hjá börnum sem búa við skort hækkar hlutfallið mikið og fer upp í 35,5%. Hjá börnum sem búa við verulegan skort fer talan síðan upp í 60,8%. Það þýðir að rúmlega 60% barna á Íslandi sem líða verulegan skort búa við skort hvað afþreyingu varðar.

30X Börn sem líða verulegan skort eru 30 sinnum líklegri en önnur börn til að búa við skort á sviði afþreyingar.

FÉLAGSLÍF

Félagslíf barna er mælt með því að athuga hvort þau geti haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og/eða hvort þau geti boðið vinum sínum heim til að borða eða leika við. 5,1% barna á Íslandi geta ekki gert þetta. Þegar litið er til barna sem líða skort hækkar hlutfallið hins vegar gríðarlega og fer upp í 41,8%. Hjá börnum sem búa við verulegan skort er það enn hærra eða 48,6%. Nær helmingslíkur eru með öðrum á því að barn sem býr við verulegan skort á Íslandi líði skort hvað félagslíf varðar.

17X Þau eru rúmlega 17 sinnum líklegri en önnur börn til að líða skort á þessu sviði.


MESTAR LÍKUR ERU Á AÐ BARN LÍÐI SKORT Á ÍSLANDI EF ÞAÐ ER DRENGUR SEM Á FORELDRA SEM ERU ...



einungis með
grunnmenntun



yngri en 30 ára





í minna en 50%
starfshlutfalli



í lægsta tekjubili



tveir á heimili
með eitt barn



á leigumarkaði



í stærri bæjum



fæddir á Íslandi

3

HVAÐ HEFUR ÁHRIF Á
EFNISLEGAN SKORT
MEÐAL BARNNA?

Kosturinn við hina nýju skortgreiningu UNICEF er að samhliða greiningu á skorti meðal barna á sviðunum sjö er hægt að taka inn ákveðnar bakgrunnsbreytur og skoða gögnin út frá þeim.

Þannig er meðal annars hægt að sjá hvort meiri skortur mælist hjá börnum foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun en hjá þeim sem eru með háskólamenntun – og hvort skortur er tíðari hjá fólki með erlendan bakgrunn en íslenskan.

Bakgrunnsbreyturnar í aðferð UNICEF eru úr evrópsku lífshjúðunarsókninni og er skipt niður í níu flokka. Hér á eftir verður farið yfir niður- stöðurnar í hverjum flokki fyrir sig. Flokkarnir eru *kyn barns*, *menntunarstig foreldra*, *uppruni foreldra*, *heimilisgerð*, *hlutfallsleg atvinnu-þátttaka foreldra*, *staða á húsnæðismarkaði*, *búseta*, *tekjur foreldra* og *aldur foreldra*.

BAKGRUNNSBREYTUR

LEIÐA Í LJÓS HVAÐA HÓPAR ERU SÉRLEGA VIÐKVÆMIR

Mikilvægt er að geta séð hvaða þættir hafa áhrif á skort meðal barna. Í **töflu 3.1** má sjá tölur fyrir allar bakgrunnsbreytur, hvort sem um er að ræða skort eða verulegan skort. Þar má einnig sjá hvaða breytingar urðu á milli mælinganna árin 2009 og 2014.

BAKGRUNNSBREYTURNAR Í SKORTGREININGU UNICEF

Kyn barns

Hér er skortur meðal barna á hverju sviði skoðaður eftir kyni barna. Flokkarnir eru tveir, þ.e. stúlkur og drengir.

Menntunarstig foreldra

Hér er skortur meðal barna skoðaður eftir menntunarstigi foreldra. Flokkarnir eru þrír. Sá fyrsti er grunnmenntun; þau sem hafa lokið grunnskólaprófi. Annar flokkur er framhalds- eða starfsmenntun; þau sem lokið hafa framhaldsskólaprófi, iðnskólaprófi eða öðru starfstengdu námi. Þriðji flokkurinn er svo háskólamenntun; þau sem lokið hafa háskólaprófi.

Uppruni foreldra

Hér er skortur meðal barna skoðaður eftir uppruna foreldra. Flokkarnir eru tveir, þ.e. þeir foreldrar sem fæddir eru á Íslandi og þeir sem fæddir eru erlendis.

Heimilisgerð

Þessi flokkur segir til um hversu margir búa á heimilinu og t.d. hvort foreldrar eru einstæðir og hversu mörg börnin eru. Flokkarnir eru fjórir: Einstætt foreldri með barn eða börn, tveir fullorðnir með eitt barn, tveir fullorðnir með tvö börn, og tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn.

Staða á húsnæðismarkaði

Hér er skortur meðal barna mældur eftir því hvort foreldrar eru í eigin húsnæði eða á leigumarkaði.

Búseta

Hér er hægt að sjá skort meðal barna eftir því hvar börnin eru búsett. Flokkarnir eru þrír: Höfuðborgarsvæðið, stærri bæir og dreifbýli.

Tekjur foreldra

Hér er skortur meðal barna skoðaður eftir því hversu mikið foreldrar þéna á mánuði. Búið er að skipta fólki niður í fimm tekjubil, þar sem 1-20% eru þeir sem þéna minnst og tilheyra þannig lægsta tekjubili, og 81-100% eru þeir sem þéna mest á mánuði. Flokkarnir eru fimm: 1-20% (lægsta tekjubil), 21-40%, 41-60%, 61-80% og 81-100% (hæsta tekjubil).

Hlutfallsleg atvinnuþátttaka foreldra

Hér er skortur meðal barna mældur eftir því hversu mikið foreldrar vinna. Flokkarnir eru tveir: Þeir foreldrar sem vinna minna en 50% (þar með talið þeir sem eru atvinnulausir) og þeir sem vinna meira en 50% (þar með talið þeir sem eru í fullri vinnu).

Aldur foreldra

Hér er skortur meðal barna skoðaður eftir því hversu gamlir foreldrar þeirra eru. Flokkarnir eru fjórir: Yngri en 30 ára, 30-39 ára, 40-49 ára og eldri en 50 ára.


Tafla 3.1

Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum 2009 og 2014

		2009		2014	
		Börn sem líða skort (skortir tvennt eða meira)	Börn sem líða verulegan skort (skortir þrennt eða meira)	Börn sem líða skort (skortir tvennt eða meira)	Börn sem líða verulegan skort (skortir þrennt eða meira)
Kyn barns	Drengir	4,5%	1,1%	9,7%	2,3%
	Stúlkur	3,5%	0,7%	8,5%	2,5%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	10,4%	3,2%	18,2%	4,2%
	Framhalds- og starfsmenntun	3,8%	1,1%	12,0%	3,7%
	Háskólamenntun	2,6%	0,1%	6,0%	1,4%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	2,9%	0,4%	9,4%	2,5%
	Fæddir erlendis	12,5%	4,0%	6,8%	1,2%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	7,2%	0,5%	15,3%	3,7%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	3,3%	0,0%	18,3%	2,7%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	4,3%	1,5%	5,7%	2,0%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	2,8%	0,8%	6,7%	2,1%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	17,1%	0,0%	26,3%	7,7%
	Meiri en 50%	3,6%	0,9%	7,5%	1,8%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	3,6%	0,6%	6,2%	1,3%
	Leigjandi	6,6%	2,5%	19,0%	6,2%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	4,5%	1,1%	8,3%	2,2%
	Stærri bæir	3,6%	0,7%	11,2%	3,5%
	Dreifbýli	2,5%	0,2%	9,6%	1,3%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	6,3%	0,9%	14,0%	0,9%
	21-40%	5,4%	2,0%	10,6%	2,0%
	41-60%	2,3%	0,3%	8,7%	0,3%
	61-80%	3,0%	0,7%	3,5%	0,7%
	81-100% (hæsta tekjubil)	1,5%	0,0%	5,4%	0,0%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	5,6%	1,1%	22,1%	2,8%
	30-39 ára	3,7%	1,1%	7,7%	1,3%
	40-49 ára	4,2%	0,6%	8,0%	2,9%
	Eldri en 50 ára	2,4%	0,3%	8,2%	3,8%
Almennur skortur meðal allra barna án bakgrunnsbreyta		4,0%	0,9%	9,1%	2,4%


Mynd 3.1

Börn á Íslandi sem líða skort eftir bakgrunnsbreytum 2014



Mynd 3.2

Börn sem líða verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum 2014



HVAÐ EF FORELDRAR HAFNA EKKI SAMAN BAKGRUNN?

Ef foreldrar hafa ekki sama bakgrunn flokkaði Hagstofa Íslands þá svona:

- Ef annað foreldrið er eingöngu með grunnmenntun en hitt háskólamenntað telst heimilið háskólamenntað. Hæsta menntunarstig gildir.
- Ef annað foreldri barns er fætt erlendis en hitt á Íslandi fellur barnið undir þann flokk að eiga foreldra fædda erlendis.
- Miðað er við heildaratvinnuþátttöku heimilisins.
- Tekjur foreldra miðast við heildartekjur heimilisins. Tekjubilíð sem foreldrar lenda í verður þannig sameiginlegt tekjubil þeirra.
- Ef foreldrar eru mismunandi fellur heimilið í eldri flokkinn.

Með því að greina skort eftir þessum bakgrunnsbreytum leiðir aðferð UNICEF í ljós hvaða hópar eru sérlega viðkvæmir og þannig líklegri en aðrir til að líða skort. Línan sem liggur yfir mynd 3.1 er almennur skortur meðal barna á Íslandi sem er 9,1%. Sú tala þýðir að 9,1% allra barna á Íslandi 1-15 ára teljast líða skort, líkt og fram kom í 2. kafla.

Með því að draga línu í gegnum myndina, yfir allar bakgrunnsbreyturnar, getum við séð hvaða breytur það eru sem gera það að verkum að börn eru líklegri en önnur til að líða skort.


Líkt og sést á mynd 3.1 er skortur helst að finna meðal þeirra barna sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið þeir sem eru atvinnulausir), eru yngri en 30 ára og hjá þeim sem eiga foreldra á leigumarkaði.

Með skortgreiningu UNICEF má á sama hátt greina stöðu þeirra barna sem líða verulegan skort. Línan sem liggur yfir mynd 3.2 er heildartala þeirra barna á Íslandi sem líða

verulegan skort, þ.e. 2,4% barna 1-15 ára hér á landi. Þetta eru þau börn sem skortir þrennt eða fleira af þeim tólf atriðum í evrópsku lífskjararannsókninni sem snúa sérstaklega að börnum. Með því að draga línu í gegnum myndina, yfir allar bakgrunnsbreyturnar, getum við sem fyrr séð hvaða breytur það eru sem hafa þau áhrif að börn eru líklegri en önnur til að líða verulegan skort.

Aftur eru það börnin sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið þeir sem eru atvinnulausir) sem falla hvað lengst frá línunni varðandi verulegan skort. 6,2% barna sem eiga foreldra sem eru á leigumarkaði líða auk þess verulegan skort.

Lítum nú nánar á hverja bakgrunnsbreytu fyrir sig og sjáum hvaða áhrif hún hefur á skort meðal barna, bæði almennt og eftir sviðum.



KYN BARNIS

MESTUR MUNUR HVAÐ VARÐAR FÉLAGSLÍF

Efnislegur skortur mælist aðeins meiri hjá drengjum en stúlkum, eða 9,7% hjá drengjum og 8,5% hjá stúlkum.

Í fyrri mælingu, árið 2009, mældust drengir einnig hærri en stúlkur. Þá liðu 4,5% drengja skort á móti 3,5% stúlkna.

Þegar skorturinn er brotinn niður eftir sviðunum sjö sem kynnt voru til leiks í 2. kafla má sjá að bæði drengir og stúlkur líða nú minni skort á sviði upplýsinga og næringar. Á öllum öðrum sviðum hefur skorturinn aukist – helst á sviði húsnæðis, félagslífs og klæðnaðar hjá drengjum en helst á sviði afþreyingar og menntunar hjá stúlkum.

Það svið þar sem hlutfallslega mælist mestur munur á milli kynja árið 2014 er félagslíf (spurt var hvort barnið gæti haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og hvort það gæti boðið vinum sínum heim til að borða eða leika við). 6,0% drengja líða skort hvað þetta varðar en 4,1% stúlkna.

Tafla 3.2

Almennur skortur barna á Íslandi eftir kyni 2009 og 2014

	Drengir		Stúlkur	
	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir kyni	4,5%	9,7%	3,5%	8,5%

Tafla 3.3

Börn á Íslandi sem líða skort eftir kyni 2009 og 2014

	Drengir		Stúlkur	
	2009	2014	2009	2014
Næring	4,2%	3,0%	4,2%	3,4%
Klæðnaður	4,1%	5,5%	3,8%	4,3%
Menntun	2,2%	3,0%	1,7%	3,0%
Upplýsingar	2,1%	1,5%	2,1%	1,1%
Húsnæði	8,4%	13,1%	9,5%	13,8%
Afþreying	2,1%	4,8%	1,8%	4,9%
Félagslíf	2,3%	6,0%	2,0%	4,1%



MENNTUN FORELDRA

HEFUR MIKIL ÁHRIF Á ÞAÐ HVORT BÖRN BÚA VIÐ SKORT

Sama hvort lítið er til ársins 2009 eða 2014 virðist menntun foreldra skipta miklu máli þegar kemur að efnislegum skorti meðal barna. Mikill munur er á þeim börnum sem eiga foreldra með háskólamenntun og þeim sem eiga foreldra sem ekki eru með háskólamenntun.

Ef fyrst er lítið til heildarskorts meðal barna á Íslandi eftir menntun foreldra hefur talsverð aukning átt sér stað hjá þeim börnum sem eiga foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun. Þar jókst hlutfall barna sem líða skort úr 10,4% í 18,2%. Það þýðir að árið 2014 líðu 18,2% þeirra barna sem áttu foreldra með grunnmenntun skort á Íslandi. **Tvöfalt líklegri er að þau líði skort en önnur börn á Íslandi.**

Hjá þeim sem eiga foreldra með framhalds- og starfsmenntun jókst hlutfall barna sem líða skort mikið á tímabilinu, fór úr 3,8% í 12,0%. Hjá þeim sem eiga foreldra með háskólamenntun rúmlega tvöfaldaðist hlutfall þeirra sem líða skort en mælist þó 6% sem er minna en almennt mælist á meðal barna á Íslandi. Börn háskólamenntaðra eru því síður líkleg til að líða skort en önnur börn.

Aðferð UNICEF gerir okkur kleift að kafa enn dýpra í skortinn og kanna hvaða áhrif menntun foreldra hefur á ákveðnum sviðum. Hvað er til dæmis líklegast að börn foreldra með grunnmenntun skorti? Og hvernig skiptist skortur barna á klæðnaði eftir menntun foreldra?

Í ljós kemur að á sviði húsnæðis mælist mjög mikill skortur á meðal þeirra barna sem eiga foreldra með framhalds- og starfsmenntun: 24% þeirra barna líða skort hvað varðar húsnæði


(spurt var um þröngbýli, aðgengi að salerni, aðgengi að baðkeri eða sturtu og hvort næg dagsbirta komi inn um gluggana á húsnæðinu). Þetta sést í **töflu 3.5**. Börn sem eiga foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun fylgja fast á eftir, með 21,8%. Hjá börnum sem eiga foreldra með háskólamenntun er talan 7,3%. Það er töluvert fyrir neðan heildarskort meðal barna á sviði húsnæðis sem er 13,4%.

Þetta er dregið fram á **mynd 3.3**. Menntun foreldra virðist skipta máli þegar kemur að efnislegum skorti barna á sviði húsnæðis. Á myndinni sést það sama varðandi klæðnað og afþreyingu. Raunar er sömu eða svipaða sögu að segja varðandi öll sviðin sjö:

Börn foreldra með minni menntun eru líklegri en börn háskólamenntaðra til að líða skort.

Mynd 3.3

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar, húsnæðis og afþreyingar eftir menntun foreldra 2014



Tafla 3.4

Almennur skortur barna á Íslandi eftir menntun foreldra 2009 og 2014

	Grunnmenntun		Framhalds- og starfsmenntun		Háskólamenntun	
	2009	2014	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir menntun foreldra	10,4%	18,2%	3,8%	12,0%	2,6%	6,0%

Tafla 3.5 Börn á Íslandi sem líða skort eftir menntun foreldra 2009 og 2014

	2009	2014	2009	2014	2009	2014
Næring	9,3%	7,2%	2,9%	4,0%	3,9%	2,1%
Klæðnaður	12,2%	8,5%	3,5%	7,2%	2,3%	3,3%
Menntun	4,7%	3,9%	1,3%	2,4%	1,7%	2,9%
Upplýsingar	2,8%	3,7%	2,4%	1,1%	1,8%	0,9%
Húsnæði	16,7%	21,8%	12,0%	24,0%	5,0%	7,3%
Afþreying	5,5%	13,7%	2,6%	7,6%	0,7%	1,9%
Félagslíf	3,2%	8,5%	2,0%	6,0%	2,0%	4,1%



UPPRUNI FORELDRA

DREGUR TIL TÍÐINDA

Árið 2009 bjuggu 12,5% barna sem áttu foreldri eða foreldra sem fæddir voru erlendis við skort en aðeins 2,9% barna sem áttu foreldra sem fæddir voru á Íslandi. Hér dregur hins vegar til tíðinda.

Árið 2014 bjuggu hlutfallslega fleiri börn sem áttu foreldra sem fæddir voru á Íslandi við skort en börn sem áttu foreldri eða foreldra fædda erlendis.

Alls bjuggu þá 9,4% þeirra barna sem eiga foreldra sem fæddir eru á Íslandi við skort og hafði sú tala ríflega þrefaldast frá árinu 2009. Hjá börnum foreldra sem fæddir eru erlendis hafði hlutfall barna sem býr við skort hins vegar lækkað um tæplega helming og mældist 6,8%. Þetta sést í [töflu 3.6](#) og á [mynd 3.4](#).

Á [mynd 3.5](#) má svo sjá sérstaklega skort meðal barna sem eiga foreldra af erlendum uppruna hvað varðar klæðnað, menntun og upplýsingar. Á öllum þessum sviðum hefur þeim fækkað umtalsvert sem líða skort. Skortur á sviði klæðnaðar er nú aðeins 3,3% en var 11% árið 2009 (spurt var hvort barnið ætti fót sem það hefði fengið ný, þ.e. sem enginn annar hefði átt, og a.m.k. tvö pör af skóm sem pössuðu). Á sviði menntunar er hann aðeins 3,7% en var 5,5% (m.a. var spurt hvort börn hefðu aðstöðu á heimili sínu til að stunda heimanám). Á sviði upplýsinga er hann aðeins 1,5% en var 4,1%

(spurt var um aðgengi að tölvu og sjónvarpi á heimili).

Í [töflu 3.7](#) má lesa hvernig hóparnir mælast ólíkt eftir sviðum. Á sviði húsnæðis jókst skorturinn um 4 prósentustig á tímabilinu hjá börnum sem eiga foreldra fædda erlendis og er nú 16,9% sem þýðir að börn sem eiga foreldra fædda erlendis eru líklegri en önnur börn til að líða skort á sviði húsnæðis. Hjá börnum sem eiga foreldra fædda á Íslandi jókst skortur á sviði húsnæðis aftur á móti um 4 prósentustig en mælist samt sem áður undir heildarskorti barna á Íslandi á sviði húsnæðis, þ.e. 13,4%.

Af þessu sést að staða þeirra barna sem eiga foreldra sem ekki eru fæddir á Íslandi hefur batnað verulega frá árinu 2009 með tilliti til efnislegra gæða. Þó mælist meiri skortur á sviði húsnæðis á meðal þeirra en barna sem eiga foreldra fædda hér á landi.

Staða barna sem eiga foreldra sem ekki eru fæddir á Íslandi hefur batnað verulega frá árinu 2009 með tilliti til efnislegra gæða.

Tafla 3.6

Almennur skortur barna á Íslandi eftir uppruna foreldra 2009 og 2014

	Foreldrar fæddir á Íslandi		Foreldri/foreldrar fæddir erlendis	
	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir uppruna foreldra	2,9%	9,4%	12,5%	6,8%


Tafla 3.7

Börn á Íslandi sem líða skort eftir uppruna foreldra 2009 og 2014

	2009	2014	2009	2014
Næring	4,6%	3,5%	0,8%	1,1%
Klæðnaður	3,1%	5,2%	11,0%	3,3%
Menntun	1,5%	2,8%	5,5%	3,7%
Upplýsingar	1,9%	1,3%	4,1%	1,5%
Húsnæði	8,6%	12,6%	11,6%	16,9%
Afþreying	1,7%	4,6%	4,2%	5,4%
Félagslíf	2,1%	5,0%	2,9%	5,4%


Mynd 3.4

Börn á Íslandi sem líða skort eftir uppruna foreldra 2009 og 2014




Mynd 3.5

Börn á Íslandi sem líða skort og eiga foreldra fædda erlendis á sviði klæðnaðar, menntunar og upplýsinga 2009 og 2014



Mynd 3.6

Börn á Íslandi sem líða skort eftir heimilisgerð 2009 og 2014





HEIMILISGERÐ

TVEIR FORELDRAR MEÐ EITT BARN Í VERSTRI STÖÐU

Pegar efnislegur skortur meðal barna er skoðaður eftir heimilisgerð er um fjóra flokka að ræða. **Hæst hlutfall barna sem líða skort mælist árið 2014 hjá tveimur fullorðnum með eitt barn: 18,3%. Hlutfall barna sem líða skort eykst líka langmest á milli rannsókna hjá þessum hópi og tæplega sexfaldast.**

Mögulega má geta sér til um að hér sé um að ræða ung pör sem enn eru að vinna sig upp á vinnumarkaði og eru hugsanlega með lægri laun en aðrir, jafnvel að hér séu foreldrar sem enn eru í námi.

Hjá þessum hópi eykst hlutfall barna sem líða skort helst hvað varðar afþreyingu (m.a. var spurt hvort barnið ætti bækur sem hentuðu aldri og hvort það ætti leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika sér með innandyra) og félagslíf (athugað var hvort þau gætu haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og/eða hvort þau gætu boðið vinum sínum heim til að borða eða leika við).

Eins og sést í **töflu 3.9** eru börn í þessum hópi raunar miklu líklegri til að líða skort hvað varðar félagslíf en önnur börn.

Mynd 3.6 sýnir að hlutfall þeirra barna sem líða skort eykst á milli rannsókna óháð heimilisgerð. Næsthæsta hlutfallið sem líður skort árið 2014 er hjá börnum einstæðra foreldra: 15,3%. Minnst er aukningin á tímabilinu hjá tveimur foreldrum með tvö börn.

Hátt hlutfall barna einstæðra foreldra á Íslandi líður skort á sviði húsnæðis: Alls 25,9% þeirra. Það er miklu hærri hlutfall en hjá öðrum heimilisgerðum.

Mynd 3.7 sýnir okkur sérstaklega skort meðal barna einstæðra foreldra á þessu sviði og tveimur öðrum – þeim sviðum þar sem hann eykst mest á milli rannsókna. Skortur tengdur afþreyingu hefur fjórfaldast á milli mælinga.

Athygli vekur að hjá börnum einstæðra foreldra eykst fjöldi þeirra sem búa við verulegan skort mikið frá 2009 til 2014. Eins og sjá má fremst í þessum kafla rúmlega sjöfaldast hann (**tafla 3.1**).

Mynd 3.7

Börn einstæðra foreldra sem líða skort á sviði húsnæðis, afþreyingar og félagslífs 2009 og 2014



Tafla 3.8

Almennur skortur barna á Íslandi eftir heimilisgerð 2009 og 2014

	Einn fullorðinn með barn eða börn		Tveir fullorðnir með eitt barn		Tveir fullorðnir með tvö börn		Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	
	2009	2014	2009	2014	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir heimilisgerð	7,2%	15,3%	3,3%	18,3%	4,3%	5,7%	2,8%	6,7%

Tafla 3.9 Börn á Íslandi sem líða skort eftir heimilisgerð 2009 og 2014

Næring	6,5%	5,2%	2,6%	0,4%	4,7%	3,0%	3,9%	3,4%
Klæðnaður	10,6%	9,4%	1,1%	1,5%	2,5%	3,2%	4,0%	5,5%
Menntun	3,4%	4,1%	2,1%	3,6%	2,0%	2,4%	1,3%	2,3%
Upplýsingar	3,5%	3,0%	3,8%	2,7%	1,7%	0,5%	1,4%	0,6%
Húsnæði	14,8%	25,9%	9,0%	12,3%	3,9%	5,4%	7,8%	11,6%
Afþreying	2,2%	8,9%	1,4%	5,8%	0,9%	3,9%	3,2%	3,7%
Félagslíf	3,7%	8,1%	3,7%	17,3%	2,3%	4,0%	0,7%	0,8%



STAÐA FORELDRA Á HÚSNÆÐISMARKAÐI LEIGJENDUR Í VANDRÆÐUM

Staða almennings á húsnæðismarkaði hefur breyst undanfarin ár. Árið 2007 voru u.þ.b. 82% heimila á Íslandi í eigin húsnæði en árið 2013 voru það 72%. Árið 2007 voru 18% heimila á leigumarkaði en árið 2013 hafði hlutfallið hækkað upp í 28%.^{xvi} Þeim hefur því fjölgað mjög sem eru á leigumarkaði.

Greining UNICEF leiðir í ljós talsverða breytingu til hins verra hjá þeim börnum sem eiga foreldra á leigumarkaði.

Árið 2009 bjuggu 6,6% barna á leigumarkaði við skort en árið 2014 hafði þetta hlutfall tæplega þrefaldast og var komið upp í 19%. Þetta sést í [töflu 3.10](#) og á [mynd 3.8](#). Þar kemur einnig í ljós að börn foreldra í eigin húsnæði eru mun ólíklegri til að líða skort en önnur börn.

Áhugavert er að skoða sérstaklega skort barna á sviði húsnæðis eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði. Með skorti á þessu sviði er m.a. átt við þröngbýli og hvort næg dagsbirta komi inn um gluggana á húsnæðinu, sjá [töflu 1.2](#) hér frammar í skýrslunni.

Alls búa 20,2% barna sem eiga foreldra á leigumarkaði við skort á sviði húsnæðis. Þetta hlutfall hefur minnkað örlítið frá 2009 en er þó enn langt yfir heildarskorti meðal barna á sviði húsnæðis, sem er 13,4%. Eins og sést á [mynd 3.9](#) líða 11,2% barna sem eiga foreldra sem búa í eigin húsnæði slíkan skort.

Tafla 3.10

Almennur skortur barna á Íslandi eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014

	Eigið húsnæði		Leigjendur	
	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir stöðu á húsnæðismarkaði	3,6%	6,2%	6,6%	19,0%

Tafla 3.11

Börn á Íslandi sem líða skort eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014

	2009	2014	2009	2014
Næring	4,5%	2,7%	2,2%	5,0%
Klæðnaður	3,3%	2,4%	8,6%	13,2%
Menntun	2,0%	2,2%	1,8%	5,8%
Upplýsingar	1,6%	0,6%	6,0%	3,7%
Húsnæði	6,9%	11,2%	22,2%	20,2%
Afþreying	1,7%	3,6%	3,2%	9,3%
Félagslíf	1,9%	3,6%	2,2%	9,8%


Þegar litið er til annarra sviða sést að þar skiptir einnig miklu máli hvort foreldrar barna eiga sitt eigið húsnæði eða eru á leigumarkaði. Börn þeirra sem eru á leigumarkaði búa við umtalsvert meiri skort á öllum sviðum en þau börn sem eiga foreldra í eigin húsnæði.

Mynd 3.10 sýnir okkur sérstaklega hlutfall þeirra barna sem líða skort á sviði næringar, klæðnaðar, menntunar, afþreyingar og félagslífs. Þar sést m.a. að 13,2% barna sem eiga foreldra á leigumarkaði líða skort á sviði klæðnaðar, samanborið við 2,4% barna foreldra í eigin húsnæði.

Börn þeirra sem eru á leigumarkaði búa við umtalsvert meiri skort á öllum sviðum en þau börn sem eiga foreldra í eigin húsnæði.


Mynd 3.8

Börn á Íslandi sem líða skort eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014




Mynd 3.9

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014



Mynd 3.10

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði næringar, klæðnaðar, menntunar, afþreyingar og félagslífs eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2014





BÚSETA

STAÐAN BEST Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Búseta barna skiptist í þessari skýrslu í þrjá flokka: Höfuðborgarsvæðið, stærri bæi og dreifbýli. **Mestur mælist skortur meðal barna í stærri bæjum, eða 11,2%.** Á eftir þeim koma svo börn í dreifbýli þar sem 9,6% barna líða skort. Á höfuðborgarsvæðinu er um að ræða 8,3% barna.

Þótt algengast sé að börn líði skort í stærri bæjum hefur hlutfallið þó aukist mest í dreifbýli. Þar tæplega fjórfaldaðist það. Þetta sést í **töflu 3.12.**


Ef litið er til skorts meðal barna á einstaka sviðum má sjá í **töflu 3.13** að í stærri bæjum og dreifbýli jókst hlutfall þeirra sem líða skort mikið á sviði félagslífs og afþreyingar.

Á **mynd 3.11** má sjá sérstaklega hvernig skortur er tengist afþreyingu skiptist á milli barna á höfuðborgarsvæðinu, í stærri bæjum og í dreifbýli. Meðal annars var spurt hvort barnið ætti leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utandyra.

Þótt algengast sé að börn líði skort í stærri bæjum hefur hlutfallið þó aukist mest í dreifbýli.

Mynd 3.11

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði afþreyingar eftir búsetu 2009 og 2014



Tafla 3.12

Almennur skortur barna á Íslandi eftir búsetu 2009 og 2014

	Höfuðborgarsvæðið		Stærri bæir		Dreifbýli	
	2009	2014	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir búsetu foreldra	4,5%	8,3%	3,6%	11,2%	2,5%	9,6%

Tafla 3.13 Börn á Íslandi sem líða skort eftir búsetu 2009 og 2014

Næring	4,3%	3,0%	3,2%	4,5%	5,5%	1,8%
Klæðnaður	3,0%	3,9%	5,6%	6,5%	5,2%	6,7%
Menntun	2,1%	3,2%	1,7%	2,9%	1,9%	2,1%
Upplýsingar	1,4%	1,7%	2,3%	0,7%	4,7%	0,4%
Húsnæði	9,1%	13,3%	9,8%	14,7%	6,9%	11,6%
Afþreying	2,3%	4,1%	1,5%	5,2%	1,7%	7,5%
Félagslíf	2,7%	4,7%	1,9%	5,6%	0,2%	5,6%



ALDUR FORELDRA

YNGSTU FORELDRARNIR Í MESTUM VANDA

Aldur foreldra virðist geta haft mikil áhrif á það hvort barn líði skort eða ekki. **Börn yngstu foreldranna eru rúmlega þrisvar sinnum líklegri til að búa við skort en önnur börn.**

Hjá þeim yngstu mælist skorturinn 22,1% en er svo nokkuð svipaður í öðrum aldursbilum. Þetta má sjá á mynd 3.12.

Samkvæmt nýjustu tölum um tekjur eftir aldri þéna þeir sem eru undir 24 ára að meðaltali 1,8 milljón króna á ári og er miðgildið 1,5 milljón á ári. 25-29 ára þéna að meðaltali 3,7 milljónir á ári og er miðgildið 3,2 milljónir á ári. Einstaklingar í öllum öðrum aldursflokkum þéna að meðaltali meira en 5 milljónir. Hér er aðeins um að ræða regluleg laun, ekki bætur eða aðrar tekjur.^{xvii} Líkt og lesa má um í næsta undirkafla dregur almennt úr hlutfalli barna sem líða skort eftir því sem tekjur foreldra aukast, með undantekningum þó. Leiða má líkur að því að yngra fólk sé líklegra en aðrir til vera með yngri börn og vera í námi.


Áhugavert er að skoða breytinguna á milli mælinga. **Staðan versnar hlutfallslega mest á milli ára hjá börnum yngstu foreldranna – en jafnframt þeirra elstu. Í yngsta hópnum tæplega fjórfaldast skorturinn og í þeim elsta ríflega þrefaldast hann.** Þetta sést í töflu 3.14. Athygli vekur að á sviði húsnæðis batnar staða þeirra barna sem eiga yngstu foreldrana en versnar töluvert hjá þeim í elsta hópnum.

Mynd 3.13 sýnir okkur sérstaklega það hlutfall barna á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs eftir aldri foreldra (félagslíf barna er mælt með því að athuga hvort þau geti haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og/eða geti boðið vinum sínum heim til að borða eða leika við).

Áhugavert er að sjá að 15,2% barna yngstu foreldranna líða skort á sviði félagslífs og að talan lækkar eftir því sem foreldrarnir eldast – þangað til þeir eru orðnir eldri en 50 ára en þá hækkar hún aftur.


Mynd 3.12

Börn á Íslandi sem líða skort eftir aldri foreldra 2014



Mynd 3.13

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs eftir aldri foreldra þeirra 2009 og 2014



Tafla 3.14

Almennur skortur barna á Íslandi eftir aldri foreldra 2009 og 2014

	Yngri en 30 ára		30-39 ára		40-49 ára		Eldri en 50 ára	
	2009	2014	2009	2014	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir aldri foreldra	5,6%	22,1%	3,7%	7,7%	4,2%	8,0%	2,4%	8,2%

Tafla 3.15 Börn á Íslandi sem líða skort eftir aldri foreldra 2009 og 2014

	2009 (%)	2014 (%)	2009 (%)	2014 (%)	2009 (%)	2014 (%)	2009 (%)	2014 (%)
Næring	0,9%	1,9%	3,1%	2,9%	6,2%	3,8%	3,8%	2,7%
Klæðnaður	6,1%	7,5%	3,9%	5,2%	4,0%	4,2%	1,7%	4,9%
Menntun	1,3%	0,0%	1,8%	1,7%	1,9%	4,4%	3,1%	4,3%
Upplýsingar	6,1%	1,3%	1,7%	1,2%	1,9%	1,5%	1,0%	0,8%
Húsnæði	19,2%	14,6%	8,4%	15,0%	7,9%	11,8%	5,4%	10,6%
Afþreying	1,9%	8,3%	1,2%	3,2%	2,5%	4,6%	2,9%	9,8%
Félagslíf	6,9%	15,2%	2,2%	4,8%	1,2%	3,1%	1,2%	7,1%



TEKJUR FORELDRA

LÁGAR TEKJUR, MEIRI SKORTUR

Fáa skyldi undra að tekjur foreldra hafa mikið að segja um það hvort börn búi við efnislegan skort. Ekki er þó um svarhvíta mynd að ræða. Börn sem líða skort finnast í öllum tekjubílum. Vel er þekkt að þótt fólk búi við fátækt bitnar það ekki endilega á börnum þess. Börn sem eiga tekjuháa foreldra getur auk þess skort margvíslega hluti.

Í þessari skýrslu er tekjudreifingu fólks skipt í fimm jafnstór þrep. Í lægsta tekjubílinu (1-20%) eru þeir foreldrar sem hafa lægstu tekjurnar og svo koll af kolli. Þeir sem eru í flokknum 81-100% hafa hæstar tekjur og eru því í hæsta tekjubíli.

Meistar skortur árið 2014 mældist hjá börnum foreldra í lægsta tekjubílinu. 14% barna sem eiga foreldra í þeim hópi líða skort. Hlutfall barna sem líða skort í næsta tekjubíli fyrir ofan er 10,6% og síðan 8,7% í tekjubílinu þar fyrir ofan. Þetta hlutfall er síðan ívið lægra hjá þeim sem eru í næsthæsta tekjubílinu en því hæsta. Þetta má meðal annars lesa út úr [töflu 3.16](#).

• 1-20% (NEÐSTA TEKJUBIL)

Börn sem eiga foreldra í lægsta tekjubílinu líða fremur skort en börn foreldra í efri tekjubílum. Færst hefur í vöxt að börn líði skort er tengist klæðnaði, menntun, húsnæði, afþreyingu og félagslífi. Á tveimur síðastnefndu sviðunum hefur hlutfallið meira en þrefaldast. 22,5% barna á Íslandi sem eiga foreldra í lægsta tekjubílinu líða skort á sviði húsnæðis. Börn sem eiga foreldra í þessu tekjubíli eru talsvert líklegri en önnur börn til að líða skort.

• 21-40%

Í næstneðsta tekjubílinu hefur hlutfall þeirra barna er líða skort tæplega tvöfaldast frá 2009 og mælist nú 10,6%. Aukningin kemur fram á sviði menntunar, húsnæðis, félagslífs og afþreyingar. Hvað klæðnað varðar hefur hlutfall barna sem líða skort þó lækkað úr 6,7% í 5%, auk þess sem hlutfallið hefur lækkað á sviði upplýsinga.

• 41-60%

Skortur meðal barna sem eiga foreldra í þessu tekjubíli hefur farið úr 2,3% í 8,7%. Hlutfallslega mesta aukningin er á sviði menntunar, afþreyingar og félagslífs. Staðan á sviði upplýsinga og næringar hefur hins vegar batnað. Þótt 12,2% barna á Íslandi sem eiga foreldra sem tilheyra þessu tekjubíli líði nú skort á sviði húsnæðis er það lægra hlutfall en almennt meðal barna á Íslandi á sama sviði.

Aðferð UNICEF leiðir það í ljós að börn sem eiga foreldra í tveimur lægstu tekjubílunum líða frekar skort en almennt gerist á Íslandi (almennur skortur). Börn foreldra í hærri tekjubílum mælast hins vegar undir heildartölunni. Litlu munar þó að börnin í tekjubílinu 41-60% lendi hinum megin við línuna. Þetta má glögglega sjá á [mynd 3.14](#).

Mikill munur er á skorti meðal barna sem eiga foreldra í efsta tekjubíli og því neðsta. Á [mynd 3.15](#) má sjá þetta sérstaklega hvað varðar klæðnað, húsnæði og afþreyingu.

Tæplega átta sinnum fleiri börn foreldra í neðsta tekjubílinu líða skort á sviði húsnæðis en börn foreldra í því efsta.

Tæplega níu sinnum fleiri líða skort hvað varðar klæðnað og tíu sinnum fleiri á sviði afþreyingar.

Mikill munur er á skorti meðal barna sem eiga foreldra í efsta tekjubíli og því neðsta.

• **61-80%** Athygli vekur að skortur meðal barna mælist minni hér en hjá foreldrum í efsta tekjubílinu. Hann mælist auk þess lægri á öllum sviðum en almennt hjá börnum á Íslandi. Skortur á sviði næringar hefur minnkað hjá börnum sem eiga foreldra í þessu tekjubíli: Farið úr 5,3% í 1,7%. Skortur á sviði upplýsinga mælist auk þess ekki lengur hér. Sömu sögu er hins vegar að segja og oft áður: Helst líða börn skort er tengist húsnæði og félagslífi. Þó er hlutfallið langt undir heildarskortu meðal barna hér á landi á umræddum sviðum.

• 81-100% (EFSTA TEKJUBIL)

Skortur í þessu tekjubíli kemur helst fram á sviði menntunar og félagslífs. Alls líða 5,4% barna sem eiga foreldra í efsta tekjubíli skort, samanborið við 14% barna foreldra í neðsta tekjubíli. Til samanburður er almennur skortur meðal barna á Íslandi 9,1%.

Tafla 3.16

Almennur skortur barna á Íslandi eftir tekjum foreldra 2009 og 2014

	1-20%		21-40%		41-60%		61-80%		81-100%	
	2009	2014	2009	2014	2009	2014	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir tekjubili foreldra	6,3%	14,0%	5,4%	10,6%	2,3%	8,7%	3,0%	3,5%	1,5%	5,4%

Tafla 3.17 Börn á Íslandi sem líða skort eftir tekjum foreldra 2009 og 2014

Næring	4,2%	4,5%	4,7%	3,6%	3,8%	3,3%	5,3%	1,7%	2,6%	1,9%
Klæðnaður	5,7%	10,7%	6,7%	5,0%	2,2%	3,3%	2,6%	0,9%	0,6%	1,2%
Menntun	3,5%	4,0%	2,5%	3,0%	0,8%	1,3%	0,6%	2,6%	2,0%	4,7%
Upplýsingar	3,4%	2,9%	2,1%	1,3%	1,7%	0,5%	1,6%	0,0%	1,2%	1,4%
Húsnæði	15,6%	22,5%	9,4%	14,8%	9,2%	12,2%	4,6%	7,1%	2,2%	2,9%
Afþreying	1,5%	8,0%	3,7%	6,7%	2,2%	4,3%	1,1%	1,3%	0,2%	0,8%
Félagslíf	1,8%	7,5%	3,3%	4,9%	1,7%	4,0%	2,2%	4,1%	1,5%	3,8%


Mynd 3.14


Börn á Íslandi sem líða skort eftir tekjum foreldra miðað við heildarskort meðal barna á Íslandi 2014



Mynd 3.15

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar, húsnæðis og afþreyingar og eiga foreldra í neðsta eða efsta tekjubili 2014





ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA

STAÐA Á VINNUMARKAÐI HEFUR MIKIL ÁHRIF

Staða foreldra á vinnumarkaði hefur samkvæmt greiningu UNICEF mikið að segja um það hvort barn líði skort eða ekki.

Börn sem eiga foreldra sem eru annað hvort í hálfu starfi eða minna (þar með talið atvinnulausir) eru margfalt líklegri til að líða skort en börn þeirra sem eru í hálfu starfi eða meira (þar með talið fullu starfi). Hins vegar hefur fjöldi þeirra sem líða skort í síðarnefnda hópnunum aukist hlutfallslega meira á milli árána 2009 og 2014.

Alls líða 26,3% þeirra barna skort sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% en aftur á móti líða 7,5% barna skort sem eiga foreldra sem vinna meira. Þau fyrrnefndu eru því rúmlega þrisvar sinnum líklegri en hin til að líða skort. Mynd 3.16 sýnir muninn á milli hópanna og hvernig þeir falla sitt hvorum megin við önnur börn á Íslandi. Almennur skortur á meðal barna á Íslandi er 9,1%, líkt og áður hefur komið fram.

Eins og fram hefur komið gerir aðferð UNICEF okkur kleift að kafa vandlega ofan í það hvað börn skortir á hinum ýmsu sviðum og rýna auk

þess í tölunar yfir lengra tímabil. Við getum þannig séð að skortur hefur aukist mikið á sviði félagslífs, afþreyingar og klæðnaðar hjá þeim börnum sem eiga foreldra með minni atvinnuþátttöku en 50%. Mynd 3.17 sýnir þetta sérstaklega.

Áhugavert er að skoða skort meðal barna á sviði húsnæðis eftir atvinnuþátttöku foreldra. Atvinnuþátttakan virðist þar skipta verulegu máli, líkt og sjá má á mynd 3.18. Alls búa 12% barna sem eiga foreldra sem vinna meira en 50% við skort á sviði húsnæðis á móti 27,5% barna sem eiga foreldra sem vinna minna.

Þetta þýðir að meira en fjórðungur barna á Íslandi sem á foreldra sem eru í hálfu starfi eða minna eða eru atvinnulausir býr við skort á sviði húsnæðis.

Börn sem eiga foreldra sem eru í hálfu starfi eða minna eru margfalt líklegri til að líða skort en börn þeirra sem vinna meira.

Tafla 3.18

Almennur skortur barna á Íslandi eftir hlutfallslegri atvinnuþátttöku foreldra 2009 og 2014

	Minna en 50% (þar með talið atvinnulausir)		Meira en 50% (þar með talið þeir sem vinna fulla vinnu)	
	2009	2014	2009	2014
Almennur skortur eftir atvinnuþátttöku foreldra	17,1%	26,3%	3,6%	7,5%


Tafla 3.19

Börn á Íslandi sem líða skort eftir hlutfallslegri atvinnuþátttöku foreldra 2009 og 2014

Næring	10,2%	5,8%	4,0%	3,0%
Klæðnaður	6,9%	11,2%	3,9%	4,3%
Menntun	4,0%	7,1%	1,9%	2,6%
Upplýsingar	4,2%	1,1%	2,0%	1,3%
Húsnæði	26,7%	27,5%	8,3%	12,0%
Afþreying	3,8%	12,8%	1,9%	4,1%
Félagslíf	3,4%	14,4%	2,1%	4,2%


Mynd 3.16

Börn á Íslandi sem líða skort eftir atvinnubátttöku foreldra miðað við almennan skort meðal barna á Íslandi 2014




Mynd 3.17

Börn á Íslandi sem líða skort og eiga foreldra með minni en 50% atvinnubátttöku á sviði klæðnaðar, afþreyingar og félagslífs 2009 og 2014




Mynd 3.18

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis og eiga foreldra með minni eða meiri en 50% atvinnubátttöku 2014





HVAÐ SKORTIR BÖRN Á ÍSLANDI?




4

HVAÐ SKORTIR BÖRN Á ÍSLANDI?

Í köflunum hér á undan höfum við farið yfir það **hver** efnislegur skortur barna á Íslandi er, hversu mörg börn líða skort og **hvað hefur áhrif** á að þau líði skort, s.s. tekjur foreldra, atvinnuþáttaka og staða á húsnæðismarkaði. Með því að skoða sviðin og bakgrunnsbreyturnar ekki einungis í sitthvoru lagi heldur rýna samtímis í þau fáum við heildstæðari sýn á skort meðal barna en ella.

Í þessum kafla munum við víxla ásunum miðað við 3. kafla og skoða **hvað það er sem börn á Íslandi skortir**: Rýna í hvert svið fyrir sig út frá öllum bakgrunnsbreytum. Þannig er hægt að sjá hvaða breytur hafa mest áhrif á að börn líði skort, til dæmis á sviði húsnæðis eða menntunar.

Í gegnum myndirnar í kaflanum er dregin lína sem sýnir heildarskort meðal allra barna á Íslandi á því sviði sem um ræðir hverju sinni. Með því að draga línur í gegnum allar bakgrunnsbreytur er hægt að sjá hvaða breytur hafa sérstaklega áhrif á að börn líði skort á ákveðnu sviði.



NÆRING

3,2% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

3,2% allra barna á Íslandi (1-15 ára) líða skort á sviði næringar. Spurt var hvort börn fengju daglega grænmeti eða ávexti og hvort þau fengju a.m.k. eina kjöt- eða fiskmáltíð eða sambærilega grænmetismáltíð daglega. Skorta þarf að minnsta kosti annað atriðið til að teljast líða skort á umræddu sviði.

Í nánast öllum hópum hefur staðan hér batnað. Helstu undantekningarnar eru hjá börnum foreldra sem eru á leigumarkaði og börnum yngstu foreldranna. Þetta sést í **töflu 4.1**.


Á mynd 4.1 má sjá skort meðal barna á Íslandi á sviði næringar árið 2014 eftir öllum bakgrunnsbreytum.

Mynd 4.1

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði næringar 2014

MESTUR SKORTUR Á SVIÐI NÆRINGAR

- 1 Börn foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun
- 2 Börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir)
- 3 Börn foreldra sem eru á leigumarkaði



Tafla 4.1

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði næringar 2009 og 2014

		Skortur á sviði næringar árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði næringar árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	4,2%	3,0%
	Stúlkur	4,2%	3,4%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	9,3%	7,2%
	Framhalds- og starfsmenntun	2,9%	4,0%
	Háskólamenntun	3,9%	2,1%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	4,6%	3,5%
	Fæddir erlendis	0,8%	1,1%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	6,5%	5,2%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	2,6%	0,4%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	4,7%	3,0%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	3,9%	3,4%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	4,5%	2,7%
	Leigjendur	2,2%	5,0%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	4,3%	3,0%
	Stærri bæir	3,2%	4,5%
	Dreifbýli	5,5%	1,8%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	4,2%	4,5%
	21-40%	4,7%	3,6%
	41-60%	3,8%	3,3%
	61-80%	5,3%	1,7%
	81-100% (hæsta tekjubil)	2,6%	1,9%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	10,2%	5,8%
	Meiri en 50%	4,0%	3,0%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	0,9%	1,9%
	30-39 ára	3,1%	2,9%
	40-49 ára	6,2%	3,8%
	Eldri en 50 ára	3,8%	2,7%



KLÆÐNAÐUR

4,9% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

4,9% barna á Íslandi líða skort á sviði klæðnaðar. Spurt var hvort barnið ætti a.m.k. tvö pör af skóm sem passa og hvort það ætti fót sem það hefði fengið ný, þ.e. sem enginn annar hefði átt. Til að teljast líða skort á þessu sviði þarf að svara annarri eða báðum spurningunum neitandi.

Staðan hefur versnað hjá flestum hópum – í prósentustigum mest hjá þeim sem eiga foreldra með framhalds- eða starfsmenntun, foreldra sem vinna minna en 50%, foreldra á leigumarkaði og foreldra í neðsta tekjubílinu. Þótt skortur á sviði klæðnaðar mælist enn mikill hjá börnum sem eiga foreldra sem eingöngu eru með grunnenntun hefur staðan þar batnað. Þetta má lesa út úr [töflu 4.2](#).

Þegar rýnt er í skort á þessu sviði m.t.t. bakgrunnsbreytanna, líkt og á [mynd 4.2](#), kemur í ljós hvaða hópar falla helst frá heildarskortsínunni:

Það eru börn sem eiga foreldra sem eru á leigumarkaði, vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir), eru í neðsta tekjubílinu, eru einstæðir og eingöngu með grunnenntun.


MESTUR SKORTUR Á SVIÐI KLÆÐNAÐAR:

- 1 Börn foreldra sem eru á leigumarkaði
- 2 Börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir)
- 3 Börn foreldra í lágsta tekjubílinu

Nærri 5% barna eiga ekki a.m.k tvö pör af skóm sem passa og/eða fót sem þau hafa fengið ný.

Mynd 4.2

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar 2014



Tafla 4.2

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar 2009 og 2014

		Skortur á sviði klæðnaðar árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði klæðnaðar árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	4,1%	5,5%
	Stúlkur	3,8%	4,3%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	12,2%	8,5%
	Framhalds- og starfsmenntun	3,5%	7,2%
	Háskólamenntun	2,3%	3,3%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	3,1%	5,2%
	Fæddir erlendis	11,0%	3,3%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	10,6%	9,4%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	1,1%	1,5%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	2,5%	3,2%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	4,0%	5,5%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	3,3%	2,4%
	Leigjendur	8,6%	13,2%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	3,0%	3,9%
	Stærri bæir	5,6%	6,5%
	Dreifbýli	5,2%	6,7%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	5,7%	10,7%
	21-40%	6,7%	5,0%
	41-60%	2,2%	3,3%
	61-80%	2,6%	0,9%
	81-100% (hæsta tekjubil)	0,6%	1,2%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	6,9%	11,2%
	Meiri en 50%	3,9%	4,3%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	6,1%	7,5%
	30-39 ára	3,9%	5,2%
	40-49 ára	4,0%	4,2%
	Eldri en 50 ára	1,7%	4,9%



MENNTUN

3,0% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

3% barna á Íslandi líða efnislegan skort á sviði menntunar. Þau hafa þá ekki aðstöðu til heimanáms á heimili sínu og/eða geta ekki tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga.

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað varðandi það hvaða hópar koma verst út. Í **töflu 4.3** má sjá að börn foreldra sem fæddir voru erlendis mældust líklegust til að líða skort á þessu sviði árið 2009 og þar á eftir börn foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun. Hjá þessum hópum hefur staðan nú batnað.

Hún hefur hins vegar versnað mest hjá börnum leigjenda, börnum sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir), börnum sem eiga foreldra á aldrinum 40-49 ára og börnum foreldra í efsta tekjubílinu – nokkuð sem gæti komið á óvart.

Fáar bakgrunnsbreytur virðast hafa áhrif hér. Þó eru það börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir) sem helst standa höllum fæti. Næst koma börn leigjenda og síðan börn þeirra sem eru í efsta tekjubílinu og börn sem eiga foreldra á aldrinum 40-49 ára.

Þetta sést á mynd 4.3.

MESTUR SKORTUR Á SVIÐI MENNTUNAR:


- 1 Börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir)
- 2 Börn foreldra sem eru á leigumarkaði
- 3 Börn foreldra sem eru í efsta tekjubílinu

Staðan hefur versnað mest hjá börnum leigjenda.

Mynd 4.3

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði menntunar 2014

■ Skortur á sviði menntunar árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
■ Heildarskortur á sviði menntunar 3,0% (án bakgrunnsbreyta)



Tafla 4.3

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði menntunar 2009 og 2014

		Skortur á sviði menntunar árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði menntunar árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	2,2%	3,0%
	Stúlkur	1,7%	3,0%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	4,7%	3,9%
	Framhalds- og starfsmenntun	1,3%	2,4%
	Háskólamenntun	1,7%	2,9%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	1,5%	2,8%
	Fæddir erlendis	5,5%	3,7%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	3,4%	4,1%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	2,1%	3,6%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	2,0%	2,4%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	1,3%	2,3%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	2,0%	2,2%
	Leigjendur	1,8%	5,8%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	2,1%	3,2%
	Stærri bæir	1,7%	2,9%
	Dreifbýli	1,9%	2,1%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	3,5%	4,0%
	21-40%	2,5%	3,0%
	41-60%	0,8%	1,3%
	61-80%	0,6%	2,6%
	81-100% (hæsta tekjubil)	2,0%	4,7%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	4,0%	7,1%
	Meiri en 50%	1,9%	2,6%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	1,3%	0,0%
	30-39 ára	1,8%	1,7%
	40-49 ára	1,9%	4,4%
	Eldri en 50 ára	3,1%	4,3%



UPPLÝSINGAR

1,3% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

1,3% barna á Íslandi líða skort á sviði upplýsinga. Spurt var hvort börn hefðu aðgang að tölvu eða sjónvarpi á heimili sínu.

Heildarhlutfall þeirra barna sem líða skort á sviði upplýsinga hefur batnað frá árinu 2009 þegar það mældist 2,1%. Helstu breytingar til batnaðar hafa átt sér stað á meðal barna sem búa í dreifbýli og þeirra sem eiga foreldra undir þrítugu, líkt og sést í [töflu 4.4](#).

Börn foreldra sem hafa eingöngu grunnmenntun eru eini hópurinn þar sem mælist marktæk aukning á skorti. Árið 2009 liðu 2,8% barna í þeim hópi skort á sviði upplýsinga en árið 2014 var hlutfall þeirra komið upp í 3,7%.

Í dag eru það helst börn sem eiga foreldra sem eru á leigumarkaði, eru eingöngu með grunnmenntun, eru einstæðir eða í lægsta tekjubili sem líða skort á þessu sviði.

Þessi börn falla lengst frá línunni sem markar heildarskort meðal barna á Íslandi, líkt og sést á [mynd 4.4](#).


MESTUR SKORTUR Á SVIÐI UPPLÝSINGA:

- 1 Börn foreldra sem eru á leigumarkaði
- 2 Börn foreldra sem eru eingöngu með grunnmenntun
- 3 Börn einstæðra foreldra

Helstu breytingar til batnaðar hafa átt sér stað á meðal barna sem búa í dreifbýli.

Mynd 4.4

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði upplýsinga 2014



Tafla 4.4

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði upplýsinga 2009 og 2014

		Skortur á sviði upplýsinga árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði upplýsinga árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	2,1%	1,5%
	Stúlkur	2,1%	1,1%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	2,8%	3,7%
	Framhalds- og starfsmenntun	2,4%	1,1%
	Háskólamenntun	1,8%	0,9%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	1,9%	1,3%
	Fæddir erlendis	4,1%	1,5%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	3,5%	3,0%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	3,8%	2,7%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	1,7%	0,5%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	1,4%	0,6%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	1,6%	0,6%
	Leigjendur	6,0%	3,7%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	1,4%	1,7%
	Stærri bærir	2,3%	0,7%
	Dreifbýli	4,7%	0,4%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	3,4%	2,9%
	21-40%	2,1%	1,3%
	41-60%	1,7%	0,5%
	61-80%	1,6%	0,0%
	81-100% (hæsta tekjubil)	1,2%	1,4%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	4,2%	1,1%
	Meiri en 50%	2,0%	1,3%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	6,1%	1,3%
	30-39 ára	1,7%	1,2%
	40-49 ára	1,9%	1,5%
	Eldri en 50 ára	1,0%	0,8%



HÚSNÆÐI

13,4% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

Á Íslandi mælist skortur meðal barna mestur á sviði húsnæðis. Alls líða 13,4% barna á Íslandi skort hvað þetta varðar. Spurt var hvort barnið byggji við þröngbýli, hvort aðgengi að baðkeri eða sturtu væri í húsnæðinu, hvort þar væri salerni og hvort næg dagsbirta kæmi inn um gluggana. Skorta þarf að minnsta kosti eitt af þessum atriðum til að teljast líða skort á sviði húsnæðis.

Húsnæðisverð hefur hækkað mikið undanfarin ár og hlutfall þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðisbyrði hefur aukist samkvæmt Hagstofu Íslands.^{xviii} Greining UNICEF leiðir í ljós að nánast óháð því til hvaða bakgrunnsbreytu er litið hefur staðan versnað á sviði húsnæðis. Frá árinu 2009 hefur skorturinn aukist mest hjá börnum foreldra sem eru með framhalds- eða starfsmenntun og hefur þar tvöfaldast. Svipað gildir um börn foreldra sem eru eldri en 50 ára og börn einstæðra foreldra. Þetta má lesa út úr töflu 4.5.

Börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir) eru líklegust til að líða skort á sviði húsnæðis. Rúmur fjórðungur þeirra líður slíkan skort.

Á mynd 4.5 sést að næst á eftir koma börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem eru með framhalds- og starfsmenntun, börn foreldra í lægsta tekjubílinu og börn foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun – öll með skorttölu vel yfir 20% á þessu sviði.

MESTUR SKORTUR Á SVIÐI HÚSNÆÐIS:


- 1 Börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir)
- 2 Börn einstæðra foreldra
- 3 Börn foreldra sem eru með framhalds- og starfsmenntun

Nánast óháð því til hvaða bakgrunnsbreytu er litið hefur staðan versnað á sviði húsnæðis.

Mynd 4.5

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis 2014


■ Skortur á sviði húsnæðis árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
■ Heildarskortur á sviði húsnæðis 13,4% (án bakgrunnsbreyta)



Tafla 4.5

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis 2009 og 2014

		Skortur á sviði húsnæðis árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði húsnæðis árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	8,4%	13,1%
	Stúlkur	9,5%	13,8%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	16,7%	21,8%
	Framhalds- og starfsmenntun	12,0%	24,0%
	Háskólamenntun	5,0%	7,3%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	8,6%	12,6%
	Fæddir erlendis	11,6%	16,9%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	14,8%	25,9%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	9,0%	12,3%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	3,9%	5,4%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	7,8%	11,6%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	6,9%	11,2%
	Leigjendur	22,2%	20,2%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	9,1%	13,3%
	Stærri bæir	9,8%	14,7%
	Dreifbýli	6,9%	11,6%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	15,6%	22,5%
	21-40%	9,4%	14,8%
	41-60%	9,2%	12,2%
	61-80%	4,6%	7,1%
	81-100% (hæsta tekjubil)	2,2%	2,9%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	26,7%	27,5%
	Meiri en 50%	8,3%	12,0%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	19,2%	14,6%
	30-39 ára	8,4%	15,0%
	40-49 ára	7,9%	11,8%
	Eldri en 50 ára	5,4%	10,6%



AFÞREYING

4,9% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

4,9% barna á Íslandi líða skort á sviði afþreyingar og skortir eitt eða fleira af því sem spurt var um: Bækur sem henta aldri; leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utandyra; eða leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika sér með innandyra.

Skortur á sviði afþreyingar hefur aukist á milli ára, sama til hvaða bakgrunnsbreytu er litið. Hlutfallslega mesta aukningin frá árinu 2009 er hjá þeim börnum sem eiga foreldra í lægsta tekjubílinu, búa í dreifbýli eða eiga foreldra undir þrítugu, sjá [töflu 4.6](#).

Verst er staðan hjá þeim börnum sem eiga foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun eða vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir). Í kringum 13% þessara barna líða skort á sviði afþreyingar.

Næst á eftir fylgja börn foreldra sem eru eldri en 50 ára, börn foreldra sem eru á leigumarkaði og börn einstæðra. Á [mynd 4.6](#) sést skýrt að þessir hópar standa verst að vigi.

MESTUR SKORTUR Á SVIÐI AFÞREYINGAR:


- 1 Börn foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun
- 2 Börn foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir)
- 3 Börn foreldra sem eru eldri en 50 ára

Nærri 5% barna á Íslandi eiga ekki bækur sem henta aldri og/eða innileikföng, íþróttabúnað og leiktæki til að vera með úti.

Mynd 4.6

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði afþreyingar 2014

■ Skortur á sviði afþreyingar árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
■ Heildarskortur á sviði afþreyingar 4,9% (án bakgrunnsbreyta)



Tafla 4.6

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði afþreyingar 2009 og 2014

		Skortur á sviði afþreyingar árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði afþreyingar árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	2,1%	4,8%
	Stúlkur	1,8%	4,9%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	5,5%	13,7%
	Framhalds- og starfsmenntun	2,6%	7,6%
	Háskólamenntun	0,7%	1,9%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	1,7%	4,6%
	Fæddir erlendis	4,2%	5,4%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	2,2%	8,9%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	1,4%	5,8%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	0,9%	3,9%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	3,2%	3,7%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigið húsnæði	1,7%	3,6%
	Leigjendur	3,2%	9,3%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	2,3%	4,1%
	Stærri bæir	1,5%	5,2%
	Dreifbýli	1,7%	7,5%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	1,5%	8,0%
	21-40%	3,7%	6,7%
	41-60%	2,2%	4,3%
	61-80%	1,1%	1,3%
	81-100% (hæsta tekjubil)	0,2%	0,8%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	3,8%	12,8%
	Meiri en 50%	1,9%	4,1%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	1,9%	8,3%
	30-39 ára	1,2%	3,2%
	40-49 ára	2,5%	4,6%
	Eldri en 50 ára	2,9%	9,8%



FÉLAGSLÍF

5,1% BARNNA Á ÍSLANDI LÍÐA SKORT

5,1% barna hér á landi líður skort á sviði félagslífs og skortir að minnsta kosti annað af því sem spurt var um. Spurt var hvort þau gætu haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og gætu boðið vinum sínum heim til að borða eða leika við.

Það sama gildir um skort á sviði félagslífs og á sviði afþreyingar: Þar hefur skorturinn aukist á milli mælinga, óháð því til hvaða bakgrunnsbreytu er litið. Hjá hópnum sem hefur það verst á þessu sviði í dag – þar sem tveir fullorðnir eru á heimili með eitt barn – nær fimmfaldaðist hlutfall þeirra barna sem líða skort; fór úr 3,7% í 17,3%, sjá [töflu 4.7](#).

Athygli vekur hvað staðan hefur versnað mikið í dreifbýli en þar fer hlutfallið úr 0,2% í 5,6%. Einnig versnar hún mikið hjá börnum sem eiga foreldra í elsta aldurshópnum.

Mestur mælist skortur á sviði félagslífs árið 2014 á heimilum þar sem eru tveir fullorðnir með eitt barn. Þar á eftir koma börn foreldra sem eru yngri en 30 ára og börn sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% (þar með talið atvinnulausir).

Á mynd 4.7 sést hvernig þessum hópum og öðrum vegnar miðað við börn almennt á Íslandi.

MESTUR SKORTUR Á SVIÐI FÉLAGSLÍFS:


- 1 Tveir fullorðnir með eitt barn
- 2 Foreldrar sem eru yngri en 30. ára
- 3 Foreldrar sem vinna minna en 50%

Hjá tveimur fullorðnum með eitt barn nær fimmfaldaðist hlutfall þeirra barna sem líða skort á sviði félagslífs.

Mynd 4.7

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs 2014

■ Skortur á sviði félagslífs árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
■ Heildarskortur á sviði félagslífs 5,1% (án bakgrunnsbreyta)



Tafla 4.7

Börn á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs 2009 og 2014

		Skortur á sviði félagslífs árið 2009 (eftir bakgrunnsbreytum)	Skortur á sviði félagslífs árið 2014 (eftir bakgrunnsbreytum)
Kyn barns	Drengir	2,3%	6,0%
	Stúlkur	2,0%	4,1%
Menntunarstig foreldra	Grunnmenntun	3,2%	8,5%
	Framhalds- og starfsmenntun	2,0%	6,0%
	Háskólamenntun	2,0%	4,1%
Uppruni foreldra	Fæddir á Íslandi	2,1%	5,0%
	Fæddir erlendis	2,9%	5,4%
Heimilisgerð	Einstætt foreldri með barn eða börn	3,7%	8,1%
	Tveir fullorðnir með eitt barn	3,7%	17,3%
	Tveir fullorðnir með tvö börn	2,3%	4,0%
	Tveir fullorðnir með fleiri en tvö börn	0,7%	0,8%
Staða á húsnæðismarkaði	Eigin húsnæði	1,9%	3,6%
	Leigjendur	2,2%	9,8%
Búseta	Höfuðborgarsvæðið	2,7%	4,7%
	Stærri bæir	1,9%	5,6%
	Dreifbýli	0,2%	5,6%
Tekjubil foreldra	1-20% (lægsta tekjubil)	1,8%	7,5%
	21-40%	3,3%	4,9%
	41-60%	1,7%	4,0%
	61-80%	2,2%	4,1%
	81-100% (hæsta tekjubil)	1,5%	3,8%
Atvinnuþátttaka foreldra	Minni en 50%	3,4%	14,4%
	Meiri en 50%	2,1%	4,2%
Aldur foreldra	Yngri en 30 ára	6,9%	15,2%
	30-39 ára	2,2%	4,8%
	40-49 ára	1,2%	3,1%
	Eldri en 50 ára	1,2%	7,1%

BÖRN Á ÍSLANDI SEM LÍÐA SKORT EFTIR ÝMSUM BAKGRUNNSBREYTTUM

KYN BARNIS

8,5%



9,7%

MENNTUNARSTIG FORELDRA

6,0%



Háskólamenntun



Grunnmenntun

18,2%

UPPRUNI FORELDRA

6,8%



Fæddir erlendis



Fæddir á Íslandi

9,4%

HEIMILISGERÐ

5,7%

Tveir fullorðnir
með tvö
börn

Tveir fullorðnir
með eitt
barn

18,3%

ATVINNUPÁTTTAKA FORELDRA

7,5%



26,3%

STAÐA Á HÚSNÆDIMARKADI

6,2%

Eigið
húsnæði

Leigjandi

19,0%

BÚSETA

8,3%



Höfuðborgarsvæðið



Stærri bæir

11,2%

TEKJUR FORELDRA

3,5%



61-80%



1-20%

14,0%

ALDUR FORELDRA

7,7%

30-39
ára

Yngri en
30 ára

22,1%

5

HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG HUGLEIÐINGAR

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

NÝ LEIÐ TIL AÐ GREINA MARGHLIÐA SKORT

Hlutfall þeirra barna sem líða skort á Íslandi hefur rúmlega tvöfaldast frá árinu 2009. Þá liðu 4,0% barna hér á landi skort en árið 2014 var hlutfallið komið upp í 9,1%. Gera má ráð fyrir að rúmlega 6.100 börn líði efnislegan skort hér á landi. Af þeim líða tæplega 1.600 börn verulegan skort. Hlutfall barna sem líða verulegan skort hefur þrefaldast frá árinu 2009 og er nú 2,4%.

Skortgreining UNICEF leiðir þetta í ljós en um

Algengast er að þau börn líði skort sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% – þar með talið börn þeirra sem eru atvinnulausir.

er að ræða nýja aðferð til að greina efnislegan skort meðal barna. Með henni eru mótaðar nýjar leiðir til að greina marghliða skort meðal barna.

Algengast er að þau börn líði skort sem eiga foreldra sem vinna minna en 50% – þar með talið börn þeirra sem eru atvinnulausir. Meira en fjórða hvert barn í þessum hópi líður skort. Næst á eftir koma börn foreldra sem eru yngri en 30 ára og síðan börn foreldra sem eru á leigumarkaði. Greiningin í skýrslunni miðast við börn á Íslandi á aldrinum 1-15 ára. Tekið skal fram að í þeim gögnum sem safnað var árið 2009 má ætla að enn sé að finna áhrif góðærisins og skorturinn þá hafi því mælst óvenju lágur.

BÖRN LÍÐA NÚ ALVARLEGRI SKORT EN ÁÐUR

Árið 2009 skorti ekkert barn meira en fjögur af þeim atriðum sem eru í viðaukanum við evrópsku lífsskjararannsóknina og greiningin byggir á. Þetta eru atriði sem snúa sérstaklega að börnum. Árið 2014 skorti börn á hinn bóginn allt að sjö atriði af listanum. Árið 2014 skorti börn á Íslandi hins vegar allt að sjö hluti af listanum. Greiningin sýnir þannig að skortur meðal barna hefur dýpkað á tímabilinu. Talað

er um að börn búi við *skort* ef þau skortir tvennt eða meira og að þau búi við *verulegan skort* ef þau skortir þrennt eða meira.

Að beiðni UNICEF á Íslandi greindi Hagstofan svörin úr lífsskjararannsókninni með þeirri aðferð sem hér er kynnt. Auk þess að sýna almennan skort skiptir aðferðin skorti meðal barna í sjö svið. Það svið þar sem flest börn á Íslandi líða skort er húsnæði. Tæplega 9.000 börn á Íslandi líða slíkan skort. Algengasta ástæðan er þröngbýli, einnig að ekki komi næg dagsbirta inn um glugga húsnæðisins. Yfir 40% barna sem líða verulegan skort á Íslandi líða skort hvað varðar húsnæði. Meira en fjórðungur barna sem eiga foreldra sem vinna hálf t starf eða minna eða eru atvinnulausir býr við skort á sviði húsnæðis. Það sama má segja um börn einstæðra foreldra.

Það svið þar sem börn á Íslandi líða næstmestan skort er félagslíf. Félagslíf barna er mælt með því að athuga hvort þau geti haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og/eða hvort þau geti boðið vinum sínum heim til að borða með eða leika við. 5,1% barna á Íslandi geta ekki gert þetta. Hjá börnum sem búa við verulegan skort fer hlutfallið hins vegar upp í 48,6%. Nær helmingslíkur eru þannig á að barn sem býr við verulegan skort á Íslandi líði skort hvað varðar félagslíf. Slík börn eru 18 sinnum líklegri en börn almennt til að líða skort á þessu sviði.

Á eftir félagslífi er skortur er tengist klæðnaði og afþreyingu algengastur á meðal barna á Íslandi. Tvö af hverjum þremur börnum sem líða verulegan skort hér á landi búa við skort á sviði klæðnaðar. Þessi börn eru 37 sinnum líklegri en önnur börn til að líða slíkan skort. Svipaða sögu er að segja þegar horft er til afþreyingar. Þar er til dæmis spurt um leiktæki, leikföng og ípróttabúnað til að vera með utandyra.

Einungis hvað varðar næringu og aðgengi að upplýsingum batnar staðan í nær öllum hópum á milli árána 2009 og 2014. Á fyrrnefnda sviðinu er m.a. spurt hvort börn fái daglega grænmeti eða ávexti og því síðarnefnda t.d. hvort aðgengi sé að tölvu á heimilinu.

STAÐA FORELDRA SKIPTIR SKÖPUM

Mikill munur mælist á skorti meðal barna á Íslandi eftir menntun foreldra. Börn foreldra sem eingöngu eru með grunnmenntun eru líklegri á öllum sviðum til að líða skort en börn háskólamenntaðra.

Sömu sögu er að segja um börn einstæðra foreldra samanborið við börn er búa við aðra heimilisgerð. Greiningin leiðir auk þess í ljós að börn foreldra sem vinna hálfstarf eða minna, þar með talið atvinnulausra, eru nær alltaf líklegri til að líða skort en börn foreldra í herra starfshlutfalli.

Á sama hátt eru börn foreldra í lægsta tekjubílinu nær alltaf líklegri til að líða skort en börn foreldra í hæsta tekjubílinu. Tæplega níu sinnum fleiri börn foreldra í neðsta tekjubíli líða til dæmis skort hvað varðar klæðnað heldur en börn foreldra í efsta tekjubíli – og tíu sinnum fleiri á sviði afþreyingar.

Mikill munur er á börnum leigjenda og börnum foreldra í eigin húsnæði. Þau fyrrnefndu eru líklegri en önnur til að líða skort á öllum sviðum. Skortur hjá börnum sem eiga foreldra sem búa á leigumarkaði hefur tæplega þrefaldast frá árinu 2009. Þá líðu 6,6% barna á leigumarkaði skort en árið 2014 var hlutfallið komið upp í 19,0%. Almennt jókst hlutfall barna sem líða skort í stærri bæjum og dreifbýli meira á milli ára en hjá börnum á höfuðborgarsvæðinu. Í dreifbýli

tæplega fjórfaldaðist þessi hópur og mælist nú 9,6%. Í stærri bæjum þrefaldaðist hann og mælist nú 11,2%. Á höfuðborgarsvæðinu er hann 8,3%.

Greiningin sem kynnt er í þessari skýrslu sýnir að staða barna sem eiga foreldra fædda erlendis hefur batnað hér á landi. Þau nýmæli hafa orðið að hlutfallslega fleiri börn sem eiga foreldra sem fæddir eru á Íslandi búa nú við skort en börn sem eiga foreldra fædda erlendis. Hjá síðarnefnda hópnum hefur það hlutfall er líður skort nánast dregist saman um helming frá 2009 og mælist nú 6,8%. Hjá börnum sem eiga foreldra fædda á Íslandi hefur það á hinn bóginn rúmlega þrefaldast og mælist nú 9,4%.

Þrátt fyrir að börn sem eiga foreldra sem fæddir eru erlendis mælist ólíklegri til að líða skort en börn foreldra sem fæddir eru á Íslandi eru þau mun líklegri til að líða skort á sviði húsnæðis og menntunar.

Skortgreining UNICEF gefur okkur með öðrum orðum færi á að sjá nákvæmlega hvar kreppir að – og á hvaða sviðum og hjá hvaða hópum er líklegra að börn líði skort en ella.

Tæplega 9.000 börn líða skort á sviði húsnæðis á Íslandi.

HUGLEIÐINGAR

NAUÐSYNLEGT AÐ GREINA GÖGN

REGLULEGA

Hagstofa Íslands mælir árlega efnislegan skort heimila hér á landi. Mælingarnar ná aftur til ársins 2004 og af þeim má því draga ályktanir um þróun. Síðastliðin ár hefur þróunin verið sú að færri heimili líða skort en áður.

Vegna fátíðra mælinga á skorti meðal barna liggja sömu upplýsingar ekki fyrir um börn. Einungis eru til mælingar frá árunum 2009 og 2014. Það sem þær þó sýna er áhyggjuefni. Meiri skortur mælist meðal barna en þegar horft er á heimili þeirra í heild sinni og þegar staða fullorðinna er tekin með. Að auki eykst skorturinn hlutfallslega meira á milli mælinga hjá börnum.

Með því að setja niður tvo punkta á tímabili, líkt og gert er í þessari skýrslu, getum við ekki alhæft um þróun á skorti meðal barna. Við vitum ekki hvert við erum að fara eða nákvæmlega hvaðan við komum. Við vitum einungis að það hlutfall barna á Íslandi sem býr við efnislegan

skort hefur rúmlega tvöfaldast á tímabilinu. Það er umhugsunarefni og nokkuð sem við sem samfélag verðum að leggja yfir.

Fjölmargar spurningar vakna þegar rýnt er í tölurnar hér að framan. Skortur meðal barna af erlendum uppruna hefur minnkað um helming og mælist nú minni en hjá börnum sem eiga foreldra fædda á Íslandi. Ætli hér sé um að ræða góðan árangur af verkefnum og áætlanum sveitarstjórna og ríkis eða eru það aðeins þeir sterkustu sem verða eftir og ná að fóta sig hér á landi?

Skortur mælist fremur hjá drengjum en stúlkum, sérstaklega hvað varðar félagslíf. Er drengjum hættara við félagslegri einangrun? Hvers vegna? Til að svara þessum spurningum – og öðrum sem vakna – þarf að ráðast í ítarlegri rannsóknir. Þær þurfa að byggja á reglulegum, helst árvissum, mælingum á efnislegum skorti meðal barna.

Þegar rýnt er í niðurstöður skýrslunnar með tilliti til samfélagshópa kemur í ljós að staða ungra barnafjölskyldna er slæm. Staða barna sem eiga unga foreldra er erfið og það sama má segja um þör með eitt barn. Hvað gerir að verum að börn foreldra með eitt barn og foreldra sem eru yngri en 30 ára mælast talsvert líklegri til að líða skort en önnur börn? Af hverju eykst hlutfall þeirra barna sem líða skort í þessum hópi umfram aðra hópa á milli 2009 og 2014?

Þetta þurfum við að kanna. Við þurfum að fylgjast vel með því hvernig efnislegur skortur hjá ungu barnafólki þróast og vera meðvitað um að við allar aðgerðir verður að taka tillit til þess að sumir þurfa meiri aðstoð en aðrir, svo við getum öll staðið jafnfætis. Inngrip þurfa bæði að vera sértæk og almenn – og fela í sér svigrúm til að þjónusta einstaklinga með ólíkan bakgrunn og í mismunandi stöðu.

ÖLL BÖRN EIGA JAFNAN RÉTT

Margar af niðurstöðunum í þessari skýrslu valda UNICEF á Íslandi áhyggjum. Þótt staðan hvað næringu varðar hafi til dæmis almennt batnað er umhugsunarefni hvernig ákveðnir hópar virðast sitja eftir á þessu sviði. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þroska barna. Aukinn skortur hjá börnum á félagslífi og afþreyingu er auk þess hættumerki. Raunveruleg hættu er á að hluti þeirrar kynslóðar sem er á barnsaldri í dag sé og verði félagslega einangraður. Það hefur aftur áhrif á velferð þeirra og framtíð, þátttöku þeirra á vinnumarkaði og almennt í samfélaginu.

Staðan á húsnæðismarkaði hefur einnig mikil áhrif á velferð barna. Þröngbýli hefur aukist umtalsvert og staða leigjenda er UNICEF á Íslandi sérstakt áhyggjuefni. Sá hópur mælist nær undantekningalaust líklegri til að líða skort en aðrir. Samkvæmt Hagstofu Íslands hefur hlutfall þeirra sem glíma við íþyngjandi húsnæðiskostnað aukist mikið á síðustu árum.^{xix} Hér að framan virðast áhrif þess á börn koma greinilega fram. Þessu er nauðsynlegt að bregðast við.

Það á ekki að skipta máli hvernig barn á Íslandi býr, hvar á landinu það á heima eða hverjir eru foreldrar þess. Barnið á að geta gengið að sömu tækifærum vísu og öll önnur börn. Slíkt jafnræði er tryggt bæði í íslensku stjórnarskránni og í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur lögfest.

VERKEFNIÐ ER AÐ TRYGGJA RÉTTINDI ALLRA BARNNA

Í skýrslunni hér að framan eru upplýsingar sem koma ekki endilega á óvart en staðfesta það sem lengi hefur verið vitað. Börn tekjulágra og þeirra sem eru atvinnulausir eða í minna en 50% atvinnuhlutfalli eru til dæmis líklegri en önnur börn til að líða skort.

Taka verður fram að þótt skýrslan sé full af upplýsingum um efnislegan skort meðal barna

segir hún auðvitað ekki alla söguna. Ekkert er fjallað um upplifun barnanna sjálfra á þeim skorti sem hér um ræðir, ekkert fjallað um þörf þeirra fyrir kærleika, góða umönnun og stuðning frá foreldrum eða forsjáradílum. Þeir þættir skipta einnig sköpum fyrir þroska og velferð barna.

Staða barna sem eiga unga foreldra er erfið og það sama má segja um þör með eitt barn. Af hverju?

UNICEF á Íslandi vinnur að því að gæta réttinda barna og tryggja að þeim sé framfylgt. Með áður útgefnum skýrslum okkar um börn á Íslandi þykir okkur vel sýnt fram á gildi mælinga og gagnsemi þeirra.^{xx} Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna er á sama máli. Brýnt er að gögnum sé markvisst safnað og þau gerð aðgengileg, ekki síst þeim sem vinna að því að bæta kjör barna.

Mikil vinna í þágu barna fer fram innan ráðuneyta og ýmissa stofnana á Íslandi. Lögð hefur verið fram á Alþingi ný fjölskyldustefna og velferðarvakt velferðarráðuneytisins lagði fram tillögur í byrjun árs 2015 er varða stöðu efnalítilla barnafjölskyldna og þeirra sem búa við sára fátækt.^{xxi} Hér á landi vinna fjölmargir aðilar á mismunandi sviðum samfélagsins að því að auka velferð barna. Skortgreining UNICEF getur aðstoðað við samræmingu aðgerða hjá ólíkum aðilum, auðveldað forgangsröðun við stefnumótun og gert áætlanagerð auðveldari. Enn fremur getur hún bætt árangursmat og eftirlit með inngripum og verkefnum stjórnvalda og félagasamtaka.

Með skortgreiningu UNICEF er búinn til sameiginlegur mælikvarði á skort meðal barna sem nýtir áreiðanlegustu tölfræðigögn sem völ er á. Slíkt gerir að verum að opinberir aðilar, félagasamtök, fræðimenn og almenningur geta öll stuðst við sömu gögn og upplýsingar í baráttu sinni – börnum á Íslandi til heilla.

Það er von okkar að greiningin geri okkur mögulegt að vinna saman, með sömu upplýsingar, að því að tryggja réttindi *allra barna* hér á landi.

Meiri skortur mælist meðal barna en þegar horft er á heimili þeirra í heild sinni og þegar staða fullorðinna er tekin með. Að auki eykst skorturinn hlutfallslega meira á milli mælinga hjá börnum.

VIÐAUKI I

SKÝRINGAR OG HUGTÖK FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS^{xxii}

RÁÐSTÖFUNARTEKJUR

Ráðstöfunartekjur (e. disposable income) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.

RÁÐSTÖFUNARTEKJUR Á NEYSLUEININGU

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. equivalised disposable income) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.

TEKJUBIL

Í þessari skýrslu er tekjudreifingunni skipt í 5 jafnstóra hluta eftir ráðstöfunartekjum á neyslueiningu, svokölluð fimm tungabil (e. income quintiles).

LÁGTEKJUHLUTFALL OG LÁGTEKJUMÖRK

Lágtekjuhlutfall (e. at-risk-of-poverty rate) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í viðkomandi landi. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.

Fólk telst búa við skort á efnislegum gæðum ef þrennt af eftirfarandi á við og verulegan skort ef fernt á við:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetis máltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

ERFIÐLEIKAR VIÐ AÐ LÁTA ENDA NÁ SAMAN

Þátttakendur í lífsskjararannsókninni eru beðnir að svara eftirfarandi spurningu: Hvernig gengur heimilinu að ná endum saman?

- Mjög erfitt
- Erfitt
- Nokkuð erfitt
- Nokkuð auðvelt
- Auðvelt
- Mjög auðvelt

BÚSETA

Höfuðborgarsvæðið er skilgreint sem svæði með yfir 500 íbúa á ferkílómetra og heildaríbúafjölda yfir 50 þúsund. Stærri bæir eru skilgreindir sem svæði er hafa fleiri en 100 íbúa á hvern ferkílómetra. Dreifbýli er skilgreint sem svæði með undir 100 íbúa á ferkílómetra.

KÖNNUNARÁR OG TEKJUÁR

Upplýsinga fyrir lífsskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við vinnubrögð Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártal í myndum og tölum við könnunarár sem er það ár sem lífsskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.

VIÐAUKI II

SPURNINGAR ÚR LÍFSKJARA- RANNSÓKNUNUM 2009 OG 2014 SEM GREININGIN BYGGIR Á

SPURNINGARNAR TÓLF SEM KOMA ÚR VIÐAUKANUM VIÐ LÍFSKJARARANNSÓKNINA

Spurningar um öll börn á heimilinu sem eru á aldrinum eins til fimmtán ára.
Spurningarnar fá bara þeir sem eiga börn á þessum aldri.

HD100 Eiga öll börn á heimilinu á aldrinum eins til fimmtán ára fót sem þau hafa fengið ný, það er fót sem enginn annar hefur átt?

- 1) Já
 - 2) Nei
- Já > HD110
Nei > HD100dyrt

HD100dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt að kaupa ný fót eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
 - 2) Af öðrum ástæðum
- > HD110

HD110 Eiga öll börn á aldrinum eins til fimmtán ára á heimilinu að minnsta kosti tvö pör af skóm sem passa?

- 1) Já
 - 2) Nei
- Já > HD120
Nei > HD110dyrt

HD110dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
 - 2) Af öðrum ástæðum
- > HD120

HD120 Fá öll börnin ávexti eða grænmeti daglega?

- 1) Já
 - 2) Nei
- Já > HD120
Nei > HD110dyrt

HD120dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
 - 2) Af öðrum ástæðum
- > HD140

HD140 Fá öll börn á heimilinu á aldrinum eins til fimmtán ára að minnsta kosti eina kjöt eða fiskmáltíð eða sambærilega grænmetismáltíð á hverjum degi?

- 1) Já
 - 2) Nei
- Já > HD150
Nei > HD140dyrt

HD140dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
 - 2) Af öðrum ástæðum
- > HD150

HD150 Eiga öll börn á heimilinu á aldrinum eins til fimmtán ára bækur sem henta aldri þeirra?

- 1) Já
 - 2) Nei
- Já > HD160
Nei > HD150dyrt

HD150dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
 - 2) Af öðrum ástæðum
- > HD160

HD160 Eiga öll börn á heimilinu leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utan dyra?

- 1) Já
- 2) Nei

Já > HD170

Nei > HD140dyrt

HD160dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
- 2) Af öðrum ástæðum

> HD160

HD170 Eiga öll börn á heimilinu á aldrinum eins til fimmtán ára leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika sér með innandyra?

- 1) Já
- 2) Nei

Já > HD180

Nei > HD170dyrt

HD170dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
- 2) Af öðrum ástæðum

> HD180

HD180 Stunda öll börnin á heimilinu íþróttir, tónlist eða annað barna eða unglingsstarf?

- 1) Já
- 2) Nei

Já > HD190

Nei > HD180dyrt

HD180dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
- 2) Af öðrum ástæðum

> HD190

HD190 Er haldið uppá afmæli eða önnur tímamót í lífi allra barna á heimilinu sem eru á aldrinum eins til fimmtán ára?

- 1) Já
- 2) Nei

Já > HD200

Nei > HD190dyrt

HD190dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
- 2) Af öðrum ástæðum

> HD190

HD200 Fá öll börnin á heimilinu að bjóða heim vinum sínum til að leika við eða borða með?

- 1) Já
- 2) Nei

Já > HD240

Nei > HD200dyrt

HD200dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
- 2) Af öðrum ástæðum

HD210 Taka öll börn á grunnskólaaldri á heimilinu þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga?

- 1) Já
- 2) Nei

Já > HD220

Nei > HD210dyrt

HD210dyrt Er það vegna þess að það er of dýrt eða af öðrum ástæðum?

- 1) Of dýrt
- 2) Af öðrum ástæðum

> HD190

HD220 eru öll börn á grunnskólaaldri með aðstöðu til heimanáms á heimilinu?

- 1) Já
- 2) Nei

ATRÍÐIN SEM KOMA ÚR SJÁLFRI LÍFSKJARARANNSÓKNINI

- Kemur næg dagsbirta inn um gluggana á húsnæðinu?
- Hefur þú/hafið þið aðgang að baðkeri eða sturtu í húsnæðinu?
- Er aðgangur að salerni í húsnæðinu?
- Er þröngbýli á heimilinu (reiknað út frá fjölda herbergja og fjölda og samsetningu heimilisfólks. Hvert heimili þarf eitt herbergi sem er sameiginlegt fyrir allt heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12-17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri)?
- Er tölva á heimilinu?
- Er sjónvarp á heimilinu?

HEIMILDIR

- i** UNICEF – Division of Communication. (2015). *For every child, a fair chance: The promise of equity.*
- ii** UNICEF – Statistics and Monitoring. (2015). *Counting on the (data) revolution: New tools and programmes to advance children's rights.*
- iii** de Neubourg C., Chai, M de Milliano, I. Plavgo og Z. Wei. (2012). *Step-by-Step Guidelines to the Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA).* UNICEF – Office of Research.
- iv** de Neubourg C., Chai, M de Milliano, I. Plavgo og Z. Wei. (2012). *Step-by-Step Guidelines to the Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA).* UNICEF – Office of Research.
- v** UNICEF: Social Inclusion, Policy and Budgeting. (e.d.). *Child Poverty: Integrated child poverty profiling and analysis.*
- vi** United Nations Economic and Social Council. (2013). *UNICEF Strategic Plan 2014-2017.*
- vii** de Neubourg C., Chai, M de Milliano, I. Plavgo og Z. Wei. (2012). *Step-by-Step Guidelines to the Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA).* UNICEF – Office of Research.
- viii** Jeans, C. L. (2007). *Child Poverty in Iceland: The Child's Perspective.* Félagssráðgjafadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- ix** Jeans, C. L. (2007). *Child Poverty in Iceland: The Child's Perspective.* Félagssráðgjafadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- x** Jeans, C. L. (2007). *Child Poverty in Iceland: The Child's Perspective.* Félagssráðgjafadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- xi** Gáspár, F. og Holland, K. (2007). *Poverty and children: A Perspective. Working papers.* UNICEF - Division of Policy and Planning.
- xii** Jeans, C. L. (2007). *Child Poverty in Iceland: The Child's Perspective.* Félagssráðgjafadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- xiii** Hagstofa Íslands. (2013). *Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands.*
- xiv** Hagstofa Íslands. (2015). *Félagssvísar: Lífskjör og lífsgæði barna*
- xv** Eurostat. (e.d.). *Category: Living Conditions Explained.*
- xvi** Hagstofa Íslands. (2013). *Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands.*
- xvii** Hagstofa Íslands. (e.d.). *Tekjur og gjöld einstaklinga eftir fjölskyldugerð, aldri og búsetu 1997-2013.*
- xviii** Hagstofa Íslands. (2014). *Byrði húsnæðiskostnaðar 2004-2013.*
- xix** Hagstofa Íslands. (2014). *Byrði húsnæðiskostnaðar 2004-2013.*
- xx** UNICEF á Íslandi. (2011). *Staða barna á Íslandi* og UNICEF á Íslandi. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir.*
- xxi** Velferðarráðuneytið. (2013). *Velferðarráðuneyti: Aðgerðir til að vinna gegn fátækt.*
- xxii** Hagstofa Íslands. (2015). *Félagssvísar: Lífskjör og lífsgæði barna.*

HEIMILDASKRÁ

de Neubourg C., Chai, M de Milliano, I. Plavgo og Z. Wei. (2012). *Step-by-Step Guidelines to the Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA).* UNICEF – Office of Research. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF - Office of Research: http://www.devinfove.info/ccmoda/app/webroot/files/siteDoc/MODA_Step-by-step%20guidelines.pdf

Eurostat. (e.d.). *Category: Living Conditions Explained.* Aðgengilegt á heimasíðu Eurostat: http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/Category:Living_conditions_glossary

Gáspár, F. og Holland, K. (2007). *Poverty and children: A Perspective. Working papers.* UNICEF – Division of Policy and Planning. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF: [http://www.unicef.org/socialpolicy/files/Poverty_and_Children_a_Perspective\(4\).pdf](http://www.unicef.org/socialpolicy/files/Poverty_and_Children_a_Perspective(4).pdf)

Hagstofa Íslands. (2013). *Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands*. Aðgengilegt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=LIF03110&ti=Staf0a+heimila+%e1+h%fasn%e6%f0ismarka%f0i+2003-2013&path=../Database/vinumarkadur/husnaedileiga/&lang=3&units=%25>

Hagstofa Íslands. (2014). *Byrði húsnæðiskostnaðar 2004-2013*. Aðgengilegt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16549>

Hagstofa Íslands. (2014). *Félagsvísar: Börn og fátækt*. Aðgengilegt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=17091>

Hagstofa Íslands. (2015). *Félagsvísar: Skortur á efnislegur gæðum 2014*. Aðgengilegt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=17779>

Hagstofa Íslands. (2015). *Félagsvísar: Lífskjör og lífsgæði barna*. Aðgengilegt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/?PageID=421&itemid=7b3410f1-c16d-4cf6-835d-dd3cfa38d7b9>

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Tekjur og gjöld einstaklinga eftir fjölskyldugerð, aldri og búsetu 1997-2013*. Aðgengilegt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=THJ09001&ti=Tekjur+og+gj%f6ld+einstaklinga+eftir+fj%f6lskylduger%f0%2c+aldri+og+b%fasetu+1997-2012+++&path=../Database/thjodhagsreikningar/skuldastada%5fheimili/&lang=3&units=Millj%f3nir+kr%f3na>

Jeans, C. L. (2007). *Child Poverty in Iceland: The Child's Perspective*. Félagaráðgjafadeild Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt hér: http://www.academia.edu/2074937/Child_poverty_in_Iceland_The_childs_perspective

UNICEF á Íslandi. (2011). *Staða barna á Íslandi*. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF á Íslandi: <https://www.unicef.is/stada-barna-a-islandi>

UNICEF á Íslandi. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF á Íslandi: <https://www.unicef.is/rettindi-barna-a-islandi>

UNICEF – Office of Research. (2014). *Children of the Recession: The impact of the economic crisis on child well-being in rich countries*, Innocenti Report Card 12, UNICEF Office of Research, Flórens. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF Office of Research: <http://www.unicef-irc.org/publications/pdf/rc12-eng-web.pdf>

UNICEF – Division of Communication. (2015). *For every child, a fair chance: The promise of equity*. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF: http://www.unicef.org/publications/files/For_every_child_a_fair_chance.pdf

UNICEF – Social Inclusion, Policy and Budgeting. (e.d.). *Child Poverty: Integrated child poverty profiling and analysis*. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF: http://www.unicef.org/socialpolicy/index_68822.html

UNICEF – Statistics and Monitoring. (2015). *Counting on the (data) revolution: New tools and programmes to advance children's rights*. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF: http://www.unicef.org/statistics/index_80816.html

United Nations Economic and Social Council. (2013). *UNICEF Strategic Plan 2014-2017*. Aðgengilegt á heimasíðu UNICEF: http://www.unicef.org/strategicplan/files/2013-21-UNICEF_Strategic_Plan-ODS-English.pdf

Velferðarráðuneytið. (2013). *Velferðarráðuneyti: Aðgerðir til að vinna gegn fátækt*. Aðgengilegt á heimasíðu Velferðarráðuneytisins: http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Farsaeldarskyrsla--24042013.pdf

Velferðarvaktin. (2015). *Skýrsla Velferðarvaktarinnar: Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt*. Útgefið af Velferðarráðuneytinu. Aðgengilegt á heimasíðu Velferðarráðuneytisins: http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Skyrsla_Velferdarvaktar_Jan2015.pdf

TÖFLU- OG MYNDAYFIRLIT

TÖFLUYFIRLIT

- Tafla 1.1** Hefðbundnar mælingar Hagstofu Íslands á fátækt á Íslandi 2004-2014
- Tafla 1.2** Yfirlit yfir mælingar úr evrópsku lífskjararannsókninni - þau börn sem líða efnislegan skort
- Tafla 2.1** Börn á Íslandi sem líða skort eftir sviðum 2009 og 2014
- Tafla 2.2** Dýpt skorts meðal barna á Íslandi 2009 og 2014
- Tafla 2.3** Líkur á að börn á Íslandi líði skort á ákveðnum sviðum 2014
- Tafla 3.1** Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum 2009 og 2014
- Tafla 3.2** Almennur skortur barna á Íslandi eftir kyni 2009 og 2014
- Tafla 3.3** Börn á Íslandi sem líða skort eftir kyni 2009 og 2014
- Tafla 3.4** Almennur skortur barna á Íslandi eftir menntun foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.5** Börn á Íslandi sem líða skort eftir menntun foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.6** Almennur skortur barna á Íslandi eftir uppruna foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.7** Börn á Íslandi sem líða skort eftir uppruna foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.8** Almennur skortur barna á Íslandi eftir heimilisgerð 2009 og 2014
- Tafla 3.9** Börn á Íslandi sem líða skort eftir heimilisgerð 2009 og 2014
- Tafla 3.10** Almennur skortur barna á Íslandi eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014
- Tafla 3.11** Börn á Íslandi sem líða skort eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014
- Tafla 3.12** Almennur skortur barna á Íslandi eftir búsetu 2009 og 2014
- Tafla 3.13** Börn á Íslandi sem líða skort eftir búsetu 2009 og 2014
- Tafla 3.14** Almennur skortur barna á Íslandi eftir aldri foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.15** Börn á Íslandi sem líða skort eftir aldri foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.16** Almennur skortur barna á Íslandi eftir tekjum foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.17** Börn á Íslandi sem líða skort eftir tekjum foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.18** Almennur skortur barna á Íslandi eftir hlutfallslegri atvinnuþátttöku foreldra 2009 og 2014
- Tafla 3.19** Börn á Íslandi sem líða skort eftir hlutfallslegri atvinnuþátttöku foreldra 2009 og 2014
- Tafla 4.1** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði næringar 2009 og 2014
- Tafla 4.2** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar 2009 og 2014
- Tafla 4.3** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði menntunar 2009 og 2014
- Tafla 4.4** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði upplýsinga 2009 og 2014
- Tafla 4.5** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis 2009 og 2014
- Tafla 4.6** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði afþreyingar 2009 og 2014
- Tafla 4.7** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs 2009 og 2014

MYNDAYFIRLIT

- Mynd 1.1** Hefðbundnar mælingar Hagstofu Íslands á fátækt á Íslandi 2004-2014
- Mynd 2.1** Skortur meðal barna á Íslandi 2009 og 2014
- Mynd 2.2** Börn á Íslandi sem líða skort eftir sviðum 2009 og 2014 (hlutfall)
- Mynd 2.3** Börn á Íslandi sem líða skort eftir sviðum 2009 og 2014 (fjöldi)
- Mynd 2.4** Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort 2009 og 2014 (hlutfall)
- Mynd 2.5** Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort 2009 og 2014 (fjöldi)
- Mynd 2.6** Börn á Íslandi sem teljast ekki líða skort 2009 og 2014
- Mynd 2.7** Líkur á að börn á Íslandi líði skort á ákveðnum sviðum 2014
- Mynd 3.1** Börn á Íslandi sem líða skort eftir bakgrunnsbreytum 2014
- Mynd 3.2** Börn á Íslandi sem líða verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum 2014
- Mynd 3.3** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar, húsnæðis og afþreyingar eftir menntun foreldra 2014
- Mynd 3.4** Börn á Íslandi sem líða skort eftir uppruna foreldra 2009 og 2014
- Mynd 3.5** Börn á Íslandi sem líða skort og eiga foreldra fædda erlendis á sviði klæðnaðar, menntunar og upplýsinga 2009 og 2014
- Mynd 3.6** Börn á Íslandi sem líða skort eftir heimilisgerð 2009 og 2014
- Mynd 3.7** Börn einstæðra foreldra sem líða skort á sviði húsnæðis, afþreyingar og félagslífs 2009 og 2014
- Mynd 3.8** Börn á Íslandi sem líða skort eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014
- Mynd 3.9** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2009 og 2014

- Mynd 3.10** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði næringar, klæðnaðar, menntunar, afþreyingar og félagslífs eftir stöðu foreldra á húsnæðismarkaði 2014
- Mynd 3.11** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði afþreyingar eftir búsetu 2009 og 2014
- Mynd 3.12** Börn á Íslandi sem líða skort eftir aldri foreldra 2009 og 2014
- Mynd 3.13** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs eftir aldri foreldra 2009 og 2014
- Mynd 3.14** Börn á Íslandi sem líða skort á Íslandi eftir tekjum foreldra miðað við heildarskort meðal barna á Íslandi 2014
- Mynd 3.15** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar, húsnæðis og afþreyingar sem eiga foreldra í neðsta og efsta tekjubílinu 2014
- Mynd 3.16** Börn á Íslandi sem líða skort eftir atvinnuþátttöku foreldra miðað við almennan skort meðal barna á Íslandi 2014
- Mynd 3.17** Börn á Íslandi sem líða skort og eiga foreldra með minna en 50% atvinnuþátttöku á sviði klæðnaðar, afþreyingar og félagslífs 2009 og 2014
- Mynd 3.18** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis og eiga foreldra með minni eða meiri en 50% atvinnuþátttöku 2014.
- Mynd 4.1** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði næringar 2014
- Mynd 4.2** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði klæðnaðar 2014
- Mynd 4.3** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði menntunar 2014
- Mynd 4.4** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði upplýsinga 2014
- Mynd 4.5** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði húsnæðis 2014
- Mynd 4.6** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði afþreyingar 2014
- Mynd 4.7** Börn á Íslandi sem líða skort á sviði félagslífs 2014

TEXTABOX

- Tb. 1.1** Skýrsla og mælaborð
- Tb. 1.1** Fyrirvarar við skortgreiningu UNICEF
- Tb. 2.1** Efnislegur skortur meðal barna á Íslandi er flokkaður niður í sjö svið
- Tb. 2.2** Hvernig er almennur skortur meðal barna reiknaður?
- Tb. 2.3** Hvað þýðir að líða skort?
- Tb. 3.1** Bakgrunnsbreyturnar í skortgreiningu UNICEF
- Tb. 3.2** Hvað ef foreldrar hafa ekki sama bakgrunn?



UNICEF á Íslandi
Laugavegi 176
105 Reykjavík
Ísland

unicef@unicef.is
www.unicef.is

Prentuð útgáfa ISBN 978-9979-72-933-4
Rafræn útgáfa ISBN 978-9979-72-934-1

© UNICEF á Íslandi
Janúar 2016